


REYKJAVÍK

nú og þá



HAMRABÖRGIN HÁ OG FÖGUR
SJÓNUM BEINT AÐ SJÓNUM
EINA BASILIKAN Í NORÐUR EVRÓPU
ELDGOS VIÐ SKJALDBREIÐ?
GARÐHÚS OG GREIFYNJAN

EINAR TH. THORSTEINSSON

REYKJAVÍK ÞÁ OG NÚ

AUSTURSTRÆTI, YS OG LÆTI.....	8
DÓMARAR UPPI, FANGAR NIÐRI.....	10
HÚS ÞJÓÐARINNAR, ALÞINGISHÚSIÐ.....	12
LÆKJARTORG MIÐPUNKTURINN.....	14
TIL BAKA200 ÁR.....	16
HALLGRÍMSKIRKJAN OKKAR.....	18
VÍKURKIRKJA.....	20
EINA BASILIKAN Í NORÐUR EVRÓPU.....	22
TVÖ HUNDRUÐ TUTTUGU	
OG SJÖ ÁRA.....	24
GARÐHÚS OG GREIFYNJAN.....	26
GUÐMUNDUR = ERRÓ.....	28
BORG VERÐUR TIL.....	30
FJÁRSJÓÐUR Á HVERFIGÖTUNNI.....	32
LIST Í ÁSMUNDARSAL.....	34
KONAN Í VERKUM ÁSMUNDAR	
SVEINSSONAR.....	36
HÁIR OG LÁGIR Á LINDARGÖTU.....	38
HEITT VATN.....	40
HÚSARÖÐIN FALLEGA.....	42
2 RISAR.....	44
HNITBJÖRG 100 ÁRA.....	46
HANNES FYRSTI RÁDHERRANN.....	47
99 ÁRA SÖGU AÐ LJÚKA...	
OG NÝ AÐ BYRJA.....	48
LISTASAFNIÐ OKKAR.....	50
LIST, LITIR & LIFIBRAUÐ.....	51
KLAMBRATÚN & KJARVALSSTAÐIR.....	52
VATNSBERI ÁSMUNDAR.....	53
Í FRÍÐI OG RÓ.....	53
HARPAN.....	54
HAFNARTORG & HALLVEIG	
+ INGÓLFUR.....	56
HANNESARHOLT 10 ÁRA.....	58
BÓKHLÖÐUSTÍGURINN MEÐ SÍNA SÖGU.....	60
NÍUTÍU ÁRA GÖMUL GATA.....	62
PORP Í MIDRI BORG.....	64
MIDBORG REYKJAVÍKUR.....	66
NORRÆNAR VINAPJÓÐIR.....	68
GARÐUR EINARS.....	70
HUNDRUÐ OG FIMMTÍU METRAR	
AF SÖG.....	72
FRÍKIRKJUVEGURINN MEÐ SÍNUM	
FRÍÐUÐU HÚSUM.....	74
TJARNARGATAN VIÐ TJÖRNINA.....	76
HLJÓMAR REGNBOGINN?.....	78
TÍMAMÓTASÝNING.....	80
KLAMBRATÚN.....	82

ESKIHLÍÐ.....	84
ARNARHÓLL - ARNARHÓLSTRAÐIR.....	86
FRANSKI SPÍTALINN.....	88
HÁTEIGUR.....	90
BÚJARÐIR Í REYKJAVÍK REYKJAHLÍÐ.....	92
REYKJAHLÍÐARNAR TVÆR.....	94
FÓGETAGARÐURINN.....	96
AUSTURVÖLLUR.....	98
HLÍÐAR.....	100
BERNHÖFTSTORFAN.....	102
HAFIÐ GEFUR.....	104
KLING & BANG 20 ÁRA.....	105
FISKREITUR.....	106
VIÐ HRINGBRAUT.....	108
MIKLABRAUT.....	110
FLUGKAPPINN LINDBERGH.....	112
ÚTFLUTNINGUR HESTA.....	114
FYRSTA SÉRSMÍÐAÐA FRYSTISKIPIÐ.....	116
POURQUOI-PAS.....	117
REYKJAVÍKURHÖFN VAGGA	
FLUGS Á ÍSLAND.....	118
GERÐ REYKJAVÍKURHAFNAR.....	120
FÁNAMÁLID.....	121
BRETAR HERNEMA ÍSLAND 1940.....	122
HERNÁMIÐ.....	122
1941 CHURCHILL Í REYKJAVÍK.....	123
BANDARÍSKA TÆKNIBYLTINGIN.....	124
HEIMSFLUG ÍTALA.....	125
SAFNIÐ VIÐ HÖFNINA.....	126
VEL GERT Í ELLIÐAÁRDAL.....	128
FRÁ REYKJAVÍK, AUSTUR OG VESTUR	
UM HAF.....	130
TÓMAS VIÐ TJÖRNINA.....	130
ESJAN OKKAR.....	131
VÆNT & GRÆNT.....	132
FALLEGIR FÁKAR.....	134
MIDBORGIN STÆKKAR.....	136
HÖFÐI.....	138
BORGARTÚNIÐ.....	140
VIÐ SUNDIN BLÁ.....	142
NÝTT HVERFI.....	146
HITAVEITUSTOKKARNIR.....	150
HINN EINI SANNI GRAFARVOGUR.....	152
BRYGGJUHVÆRFIÐ VIÐ GRAFARVOG.....	153
Í GRAFARHOLT.....	154
MARGT & MIKIÐ.....	156
BREIÐHOLT.....	158
HAMRABORGIN HÁ OG FÖGUR.....	160

PANÓRAMA YFIR	
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ.....	162
HAFNARFJÖRÐUR &	
HANSAKAUPMENN.....	164
JÖRÐIN HANS VÍFILS.....	166
SJÁ LAND.....	168
VIÐ ÚLFARSÁ.....	170
KJALARNES & KOLLAFJÖRÐUR.....	171
HÚS SKÁLDSINS.....	172
ULL & ÁLAFOSS.....	173




LJÓSMYND FRÍÐR-JÓFUR HELGASON



Ljósmynd: Páll Stefánsson



AUSTURSTRÆTI, YS OG LÆTI



Horft eftir endilöngu Austurstræti í austur frá Bankastræti



Hressingarskálinn, elsta húsið við Austurstræti byggt 1805



Austurstræti í dag



Happy Hour



Kort af Reykjavík
1801, Austurstræti
með tveimur húsum,
Hafnarstræti og
Aðalstræti, fullbyggð

Austurstræti er þriðja gatan sem byggist í Reykjavík á eftir Hafnarstræti og Aðalstræti. Fyrsta húsið við götuna var reist árið 1800. Ári síðar reis fyrsta íbúðarhúsið við götuna, við Austurstræti 22, en það hús brann árið 2007. Elsta húsið sem stendur enn við Austurstræti er Hressó (Hressingarskálinn) en elsti hluti hússins er frá árinu 1805. Í upphafi var gatan kölluð Tværgaden, síðan Langefortov, upp á dönsku, það var ekki fyrr en 1848 sem götunni er formlega gefið nafn, Austurstræti, en hún gengur jú í austur frá Aðalstræti sem var þá aðalgata Reykjavíkur. Fljótlega eftir nafngiftina, verður gatan helsta verslunargata Reykjavíkur og jafnframt heimili broddborgara bæjarins. Sem leiddi til þess að meiri áhersla var lögð á samgöngubætur á götunni en á öðrum götum og stígum Reykjavíkur. Árið 1912 var Austurstræti malbikað, fyrst gatna á Íslandi.

Árið 1915 kom upp stærsti eldsvoði á Íslandi, þegar tíu hús brunnu við götuna, þar á meðal stórhúsið við Austurstræti 12 þar sem Hótel Reykjavík var til húsa, en þar kom eldurinn upp. Hluti Austurstrætis, frá Lækjartorgi að Pósthússtræti er lokaður fyrir bílaumferð, og hefur verið í hálfá öld, eða síðan 1973. Þessi hluti Austurstrætis er fyrsta, og jafnframt elsta göngugatan í höfuðborginni. Það er ekki lengra síðan en um síðustu aldamót að þrjú af stærstu bönkum landsins voru með höfuðstöðvar sínar við Austurstræti, Útvegsbankinn, Búnaðarbankinn og Landsbankinn. Sá síðasti er nú að kveðja götuna, flytja í nýtt húsnæði eftir að hafa verið með höfuðstöðvar sínar í 99 ár á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis. Breyttir tímar.

DÓMARAR UPPI, FANGAR NIÐRI



Hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9

Éitt af merkilegri húsum í Reykjavík er fangelsið, Hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9. Þetta stóra hús, var byggt á rúmu hálfu ári, árið 1872, eftir teikningu C.Klantz sem hafði byggt og teiknað Íþöku bókhöfðu Menntaskólans í Reykjavík 1866. Í húsinu voru fangaklefar á neðri hæð, en á efri hæðinni var Landsréttur fram til 1919, þegar Hæstiréttur tók við hlutverki hans og var til húsa í Hegningarhúsinu til ársins 1947. Bæjarstjórn Reykjavíkur fundaði í húsinu til 1903. Hegningarhúsið var nýtt sem fangelsi í 144 ár, frá 1872 til ársins 2016. Minjavernd og íslenska ríkið gera með sér samkomulag 2017 og aftur 2020 um viðgerðir og endurnýjun hússins. Þær standa enn yfir. Ekki er enn ákveðið hvaða starfsemi verði í húsinu í framtíðinni, þessu sögufræga húsi sem stendur á besta stað í höfuðstaðnum, þegar viðgerðunum loksins líkur. Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Inngangurinn inn í Hegningarhúsið á Skólavörðustíg



Fangelsisgarðurinn



Horft upp Skólavörðustíg,
Hegningarhúsið fremst til vinstri,
Hallgrímskirkja við enda götunnar



Fangelsisgarðurinn að utan



HÚS ÞJÓÐARINNAR, ALÞINGISHÚSIÐ

Alþingishúsið Austurvöll, í desember 2022, við hlið Dómkirkjunnar sem var reist 1796, 85 árum á undan Alþingishúsinu

Alþingishúsið við Austurvöll var reist á árunum 1880 til 1881. Síðan hafa tvær viðbyggingar verið reistar við húsið, Kringlan árið 1908, og Skálinn árið 2002. Það var á Alþingi 1867 sem samþykkt var á Alþingi að reisa í Reykjavík alþingishús úr íslenskum steini til að minnast þúsund ára Íslandsbyggðar árið 1874. Það var þó ekki

fyrir en 1879 á Alþingi, sem samþykkt er fjárveiting til að byggja hús sem yrði ekki bara Alþingishús, heldur líka hús undir söfn landsins og æðri menntastofnanir. Ferdinand Meldahl, forseti Listaháskólans í Kaupmannahöfn og húsasmíðameistari var falið að teikna húsið, sem átti eftir miklar deilur að standa, ekki á Arnarhóli, því þar



Hér er líklega einn mikilvægasti salur Alþingishússins, við hliðina á þingsalnum. Hér settast menn og takast á, fyrir ræður og atkvæðagreiðslur

nytjaði Hilmar Finsen landshöfðingi tún, heldur í bakarabrekunni, þar sem nú er Bankastræti 7. Haustið 1879 er grafinn grunnur í Bankastræti, en þegar yfirmsiðurinn F. Bald kemur til landsins vorið 1880 til að byggja Alþingishúsið ásamt fríðu föruneyti steinhöggvara frá Borgundarhólmi, leggst hann þvert á að reisa húsið þarna í

hallanum, svo það verða aftur deilur um staðsetninguna. Að lokum er keyptur kálgarður Halldórs Kr. Friðrikssonar alþingismanns og yfirkennara fyrir metfé, en kálgarðurinn var vestan við Dómkirkjuna. Grjótið í Alþingishúsinu var tekið úr Þingholtunum, þar sem nú er Óðinsgata. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Forseti Alþingis Birgir Ármannsson á skrifstofu sinni, sem var skrifstofa Forseta Íslands, frá 1941 til 1971. Birgir hefur setið á þingi í 19 ár fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík.



Gamli og nýi tíminn, gangurinn milli Alþingishússins og Skálans. Kringlan sést til hægri, byggð 1908



Alþingishúsið, lengst til vinstri séð frá Tjörninni í desember birtunni



Alþingismenn fyrri tíma prýða vegg Alþingishússins



Vér mótmælum allir, málverk eftir Gunnlaug Blöndal, af þjóðfundinum 1851. Jón Sigurðsson Forseti stendur grákladdur til hægri. Málverkið hangir uppi í anddyri Alþingishússins, en atburðurinn var vítamínsprautu í sjálfstæðisbaráttu íslendinga.



Þingsalurinn, en á Alþingi íslendinga sitja 63 þingmenn



Eitt af mörgum fundarherbergjum hússins



Matsalur starfsmanna og alþingismanna í nýju viðbyggingunni, Skálunum byggðum 2002

TIL BAKA 200 ÁR

Fyrir 66 árum ákvað Reykjavíkurborg að breyta sveitabænum Árbæ í safn. Sveitabærinn sem var að fara í eyði stóð á besta stað í borgarlandinu, í Ártúnsbrekku, með útsýni yfir höfuðborgina. Þangað skyldu gömul hús í miðbænum sem voru fyrir, flutt og endurbyggð, fyrir komandi kynslóðir. Elsta húsið á Árbæjarsafni er Hansenhús byggt fyrir 200 árum, árið 1823 við Austurvöll, af Simoni Hansen kaupmanni sem bjó þar til 1847. Húsið var flutt úr Pósthússtræti upp í Árbæjarsafn árið 1960. Margir merkismenn bjuggu í húsinu eins og Jón Árnason þjóðsagnasafnari, Sigurður Guðmundsson okkar fyrsti alvöru málari, og Sigfús Eymundsson bóksali og ljósmyndari. Öll húsin á safninu hafa merka sögu, og það er engin staður, eða safn á Íslandi þar sem maður getur farið eins hratt til fortíðar eins og á Árbæjarsafni, sem nú er nú nánast í miðju höfuðborgarinnar. Icelandic Times / Land & Saga leit þar við. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*

Alba Davíðsdóttir og Kári Pálsson að fara 200 ár til baka í tíma á Árbæjarsafni



Svefnloftið í Árbæ



Árbæjarkirkja, byggð á Silfrastöðum í Skagafirði 1842, flutt á Árbæjarsafn 1960



Sýningin Neyzlan í Reykjavík á 20. öld



Demigerð stásstofa efnafélks frá því fyrir um 100 árum síðan



HALLGRÍMSKIRKJAN OKKAR

Hallgrímskirkja í ágúst 2023



Skuggahverfið í Reykjavík, frá Hallgrímskirkjuturni



Horft úr Hallgrímskirkjuturni niður Skólavörðustíginn að Reykjavíkurböfn



Horft að anddyri og orgeli

Efst á Skólavörðuholtinu er Hallgrímskirkja, eitt helsta kennileiti Reykjavíkur. Það var arkitektinn Guðjón Samúelsson (1887-1950) húsameistari ríkisins sem fékk það stóra verkefni árið 1937 að teikna höfuðkirkju fyrir höfuðborgina. Hallgrímskirkja var 41 ár í byggingu, eða frá því að framkvæmdir hófust árið 1945, þar til kirkjan var loksins tilbúin árið 1986. Í dag sækja þúsundir ferðamanna daglega kirkjuna heim. Hallgrímskirkja er næsthæsta bygging á Íslandi, og með

stórbrotið útsýni fyrir gesti og gangandi frá toppi turnsins yfir höfuðborgarsvæðið. Kirkjan er nefnd eftir Hallgrími Péturssyni (1614-1674) höfuðsálmaskáldi þjóðarinnar. Land & Saga fór upp, og inn í kirkjuna eftir að hafa skoðað hana frá öllum hliðum utandyra. Líklega er kirkjan það sem flestir ferðamenn ganga að, mynda og heimsækja, því byggingin er svo afgerandi, þar sem hún stendur efst á Skólavörðuholtinu og gnæfir yfir miðbæinn, og langt út á sundin blá. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Predikunarstóll, og skírnarfontur Hallgrímskirkju



Horft inn kirkjuskipið

VÍKURKIRKJA



Reykjavík um 1770
(Málverk: Jón Helgason)


Vitað er að kirkja var byggð í Reykjavík fyrir 1200. Elsti máldagi Víkurkirkju er frá árinu 1379 og er hún þar sögð helguð heilögum Jóhannesi. Í Vík bjuggu höfðingjar af ætt Ingólfs Arnarsonar landnámsmanns. Þormóður langafabarn hans var allsherjargoði árið 1000 þegar kristni var tekin á Þingvöllum. Eftir kristnitökuna létu bændur og höfðingjar byggja kirkjur við bæi sína vegna þess að þeim var lofað því að þeir fengju pláss fyrir jafn margar sálir í himnaríki og rúmuðust í kirkjum þeirra. Kirkja gæti því hafa verið byggð í Reykjavík þegar á 11. öld. Bóndinn í Vík lét reisa torfkirkju við bæinn árið 1724. Hálfri öld síðar var kirkjan endurbyggð og torfveggjunum skipt út fyrir timburveggi. Einnig var byggður klukkuturn framan við kirkjuna. Sú kirkja var notuð sem dómkirkja eftir að biskupsstóllinn var fluttur frá Skálholti til Reykjavíkur árið 1785, en þótti reyndar of lítil og ómerkileg sem slík. Eftir að Dómkirkjan við Austurvöll var vígd árið 1796 var gamla kirkjan rifin og grundin sléttuð. Talið er að kirkjur í Vík hafi

ávallt staðið á sama stað í kirkjugarðinum. Í stéttinni í miðjum garði má sjá skjöld sem sýnir hvar altari kirkjunnar er talið hafa verið.

VÍKURGARÐUR

Gamli kirkjugarðurinn við Aðalstræti, Víkurgarður, er talinn hafa verið í notkun í um 800 ár, eða frá því stuttu eftir kristnitöku árið 1000 og fram á 19. öld. Jarðað var bæði í garðinum sjálfum og inni í kirkjunni. Talið er að garðurinn hafi upphaflega verið um 1500 m² að flatarmáli. Kirkjugarðurinn var formlega aflagður árið 1838 þegar Hólavallagarður var tekinn í notkun, en nokkrir einstaklingar voru þó jarðaðir í gamla garðinum eftir það. Ómögulegt er að segja til um hversu margir voru grafnir í Víkurgarði frá upphafi, en ætla má að jarðneskar leifar um þrjátíu kynslóða Reykvíkinga hvíli hér. Víkurgarður er friðlýstur minjastaður, en það er mesta mögulega vernd sem menningarminjar á Íslandi geta notið.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur




Reykjavík 1786 (Kort: Aage Nielsen-Edwin)



EINA BASILIKAN Í NORÐUR EVRÓPU

Dómkirkja Krists Konungs í Landakoti í Reykjavík, byggð á árunum 1927 til 1929 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, er eina kaþólska basilíkan (höfuðkirkja) á öllum Norðurlöndunum. Fékk kirkjan þessa tilnefningu frá Jóhannesi Páli II páfa, og var tilkynnt af Edward Idris Cassidy kardinála í guðþjónustu í kirkjunni á hátíðinni Kristni í 1000 ár á Íslandi, árið 2000. Kirkjan var lengi vel stærsta kirkja lýðveldisins, þrátt fyrir að þjóðin væri nær öll Lúthersk, eða þangað til Hallgrímskirkja, líka teiknuð af Guðjóni var loksins kláruð 57 árum seinna, árið 1986. Bygging Hallgrímskirkju hófst árið 1945 og er enn lang stærsta kirkjubýgging landsins. Land & Saga brá undir sig betri fætinum og heimsótti einu basilíkuna í norðanverðri álfunni. Látum myndirnar tala. *Ljósmyndir & text: Páll Stefánsson*



TVÖ HUNDRUÐ TUTTUGU OG SJÖ ÁRA

Ein af elstu byggingum landsins er Dómkirkjan í Reykjavík, vígð árið 1796. Fyrsta alvöru byggingin sem er byggð í Reykjavík eftir að ákveðið var að þar skyldi höfuðborg landsins vera. Skálholtsskóli, eini skóli landsins og Skálholtsbiskup skyldu flytja til Reykjavíkur. Kirkjan sem stendur við Austurvöll, við hlið Alþingishússins sem var byggð tæpri öld síðar, var byggð eftir teikningum danska byggingameistarans A. Kirkerups. Í tilefni 200 ára afmælis Dómkirkjunnar ritaði Sr. Þórir Stephensen bók um kirkjuna, hér eru brót úr þeirri bók tekin af heimasíðu Dómkirkjunnar.

Þegar komið er inn í forkirkjuna blasir við tafla yfir dyrum og er á ritad erindi eftir sr. Hallgrím Pétursson í ramma sem Ríkharður Jónsson myndhöggvari gerði: “Þá þú gengur í Guðs hús inn”. Á veggjum forkirkju eru gipsmyndir eftir Albert Thorvaldsen. Sýna þær guðspjallmennina Lúkas og Jóhannes, en honum var Víkurkirkja helguð.



Horft úr kirkjunni á Jón Sigurðsson á Austurvelli



Dómkirkjan við Austurvöll, Alþingishúsið til hægri



Horft inn kirkjuna frá anddyri

Yfir altarinu blasir við altarismynd G.T. Wegeners, hirðmálara frá 1847, Upprisa Drottins. Þetta er áhrifamikið listaverk og eru eftirmyndir hennar víða í kirkjum landsins. Undir myndinni er lettað: „Svo sem Drottinn hefur uppvakið Krist svo mun hann oss uppvækja“. Loftið yfir kórnum er markað bláum flötum með gylltum stjörnum. Yfir gluggunum eru átta englamyndir, sem eins prýða prédikunarstólinn. Altarið er klætt rauðu flaueli sem prýtt er silfurskrauti sem Halldór Kristinsson, silfursmiður gerði 1956 og 1958. Fyrir miðju er silfurkross og umhverfis vinnuður og eru þrúgurnar myndaðar af íslenskum glerhöllum, agat. Skírnarfontur Alberts Thorvaldsen er einn mestu dýrgripa þjóðarinnar. Hann kom í Dómkirkjuna árið 1839 og ber ártalið 1827 en þá var hann gerður í Rómaborg þar sem listamaðurinn starfaði lengi. Á framhlið fonsins er mynduð skírn Jesú af Jóhannesi skírara, á norðurhlið eru sömu persónur á barnsaldri með Maríu Guðsmóður og á suðurhlið er Jesús að blessa börnin. Á bakhlið er lettað á latínu: „Reisti smíð þessa í Róm suður Albert Thorvaldsen ættjörðu sinni, Íslandi, gefandi hana af góðum hug“. Prédikunarstóll Dómkirkjunnar er mikil listasmíð af hendi Winstrups sem og umgjörð altarismyndarinnar. Stíllinn er ný-barrok og fellur ásamt öðrum skreytingum vel að nýklassískum stíl kirkjunnar. Á prédikunarstólinn er lettað: „Sælir eru þeir sem heyra Guðs orð og varðveita það.“

Þegar Land & Saga átti leið um, til að sjá og mynda kirkjuna, kom mest á óvart hve stríður straumur af ferðamönnum átti leið um, og dáðust af þessari einföldu, en fallegu Lútersku kirkju.

Ljósmyndir & text: Páll Stefánsson



Prédikunarstóllinn er listasmíði eftir Winstrup



Skírnarfontur og altaristafla, sjá megintexta

GARÐHÚS OG GREIFYNJAN



Horft frá Grandagarði yfir hluta Vesturbæjar um 1926. Garðhús eru lágreista húsið fyrir miðju myndar. Önnur hús á myndinni standa við Brekkustíg, Nýlendugötu, Mýrargötu og Vesturgötu.

Steinbærinn sem hér stendur nefnist Garðhús. Steinbæir eru sérstök húsagerð frá seinni hluta 19. aldar og tóku við af torfbæjum víða við sjávarsíðuna. Sérkenni þeirra eru að hliðarveggir eru hlaðnir úr höggnum grásteini. Steinbæir voru algengir í Reykjavík fram á 20. öld en fáir þeirra standa enn í borginni. Litlar breytingar hafa verið gerðar á húsinu sjálfu í gegnum árin, þó viðbyggingar hafi verið byggðar við hann, þeim breytt og seinna teknar niður. Garðhús voru byggð árið 1884 af Bjarna Oddssyni sjómanni og síðar hafnsögumanni. Eiginkona Bjarna var Þuríður Eyjólfsdóttir. Hún þótti hinn mesti skörungur, stórgáfuð og mikill persónuleiki.

Barnabarn hjónanna, Þuríður Dýrfinna Þorbjarnardóttir, fæddist í Garðhúsum þann 30. október 1891. Þuríður var snemma efnileg stúlka og hneigð til bókar. Hún lauk Kvennaskólaprófi vorið 1912. Þuríður þótti hafa óvenjulega hæfni í tungumálum og var því sumarið 1921 fengin til að starfa á Hótel Skjaldbreið í Reykjavík til að

annast samskipti við erlenda gesti. Meðal hótélgesta var markgreifinn Henri Charles Raoul de Grimaldi d'Antibes et de Cagne, sem tilheyrði einni elstu furstaætt Evrópu, Grimaldi ættinni, sem er ríkjandi valdaætt í Mónakó.

Þuríður og Henri felldu hugi saman og giftu sig í Reykjavík í október 1921. Brúðkaupið hlaut mikla umfjöllun blaðamanna enda fátítt að svo tignir menn heimsæktu landið hvað þá að þeir kvæntust íslenskum konum. Hjónavígslan fór fram í Landakotskirkju þar sem að greifinn var kaþólskur. Hjónin sigldu af landi brott með Gullfossi seinna sama ár. Þá lá leið þeirra til Lissabon í Portúgal, þar sem greifinn átti miklar eignir. Á öðru hjúskaparári sínu veiktist Þuríður af berklum og leitaði sér lækninga víða, meðal annars í Belgíu, þar sem hún lést þann 10. október 1925 aðeins 33 ára gömul. Hún er jarðsett í Brussel undir skjaldarmerki de Grimaldi ættarinnar.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur



Þuríður Dýrfinna sem ung kona



Garðhús um 1946. Vinstra megin við húsið má sjá Hraðfrystistöð Reykjavíkur og hluta af Danielslipp hægra megin hússins.



Stakkastæði Alliance við Ananaust um 1927. Fyrir miðja mynd má sjá Garðhús. Einnig má sjá meðal annars Bakkastíg 1, 5 og 7 og Nýlendugötu 41. Í forgrunni er verið að breiða út saltfisk.

Some of Erró's works are huge



GUÐMUNDUR = ERRÓ

Over 300 artworks are displayed

Einn af okkar stærstu listamönnum er Guðmundur Guðmundsson, fæddur 1932, þekktur sem listamaðurinn Erró. Hann er einn fárra íslenskra myndlistarmanna sem náð hafa fótfestu í heimi alþjóðlegrar myndlistar. Fyrir 33 árum voru stór tíðindi í íslensku menningarlífi, þegar Erró gefur Reykjavíkurborg 2000 listaverk eftir sig. Árið 2000, fyrir 22 árum er gjöf listamannsins fundinn staður í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Errósafnið hefur vaxið jafnt og þétt og telur nú um 4000 verk, málverk, vatnslitamyndir, grafikverk, skúlptúrar, klippimyndir og önnur listaverk sem spanna feril listamannsins í heil 70 ár. Sprengikraftur mynda, sem Errósýningin sem er núna í Hafnarhúsinu, og fram í byrjun september, er stærsta og heilstæðasta úttekt á ferli þessa litríka listamanns sem hefur búið og starfað í París í meira en hálfa öld. Sýningastjórar þessa stórgóðu sýningar eru Danielle Kvaran og Gunnar B Kvaran. En rúmlega 300 verk Guðmundar Guðmundssonar, betur þekktur sem Erró, eru á sýningunni. Ljósmyndir og texti: Páll Stefánsson



Reykjavik Art Museum Hafnarhús



A new portrait of Erró by photographer Saga Sig.



This painting is 63 years old and is called the Propaganda Office.

Ásmundarsalur, húsið var allt gert upp af miklum myndarskap fyrir örfáum árum



LIST Í ÁSMUNDARSAL



Horfi inn í kaffibúsið

Árið 1933, reisti Ásmundur Sveinsson (1893 – 1982) myndhöggvari sér hús og vinnustofu að Freyjugötu á Skólavörðuholtinu. Húsið sem hann teiknaði sjálfur, er eitt af þeim fallegri í Reykjavík. Þar er nú listagallerí og kaffihús. Í Gryfjunni eru ljósmyndararnir Hallgerður Hallgrímsdóttir og Veronika Geiger með opna vinnustofu, en þær eru að vinna að sýningu sem opnar þann 17. júní. Í Ásmundarsal er íslenska listakonan Melanie Ubaldo (f:1992 í Filippseyjum) með frábæra sýningu sem heitir Trapo, sérsniðin fyrir salinn. Melanie segir um sýninguna; „Litríku, kringlóttu, lófástóru tuskurnar sem mamma og hinar konurnar í



Trapo, sýning Melanie Ubaldo



Í Gryfjunni eru ljósmyndararnir Hallgerður Hallgrímsdóttir og Veronika Geiger með opna vinnustofu til 11. júní



Trapo, sýning Melanie Ubaldo

fátækrahverfinu okkar á æskuárum mínum á Filippseyjum saumuðu, úr afgangsefnum, eru sérstakur innblástur afbyggingarfagurfræði minnar. Þessar tuskur eru kallaðar trapo á móðurmáli mínu filípísku.” Næsta sýning Melanie er í Listasafni Akureyrar í ágúst. Hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands í fyrra, og hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir list sína, eins og Hvatningarverðlaun Íslensku myndlistarverðlaunanna árið 2022. Verk hennar má meðal annars finna í safneign Listasafns Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Gerðarsafni í Kópavogi og Hafnarborg í Hafnarfirði. Sýningunni líkur 11. júní. Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Trapo, sýning Melanie Ubaldo

KONAN Í VERKUM ÁSMUNDAR SVEINSSONAR



Konan var Ásmundi Sveinssyni (1893-1982) myndhöggvara hugleikið myndefni. Hvort sem verk hans sýna munaðarfulla ástkonu, móður sem heldur verndarskildi yfir barni sínu, stritandi verkakonu eða tryllingslega tröllkonu, þá endurspeglar þau mismunandi hlutverk og hliðar konunnar.

HIN VINNANDI KONA

Á fjórða áratug síðustu aldar vann Ásmundur fjölmörg verk með íslenska alþýðu í huga. Þessi félagslegu raunsæisverk sýna oftast en ekki konur við vinnu sína og bera nöfn á borð við: Kona að strokka (1934), Vatnsberinn (1936) og Þvottakona (1937). Styttturnar, sem sýna stórgerðar og kraftmiklar konur, eru flestar gegnheilar sem gerir það að verkum að konan og vinnan virðast renna saman í eina massífa heild. Verkin má túlka sem lofsöng til íslenskra verkakvenna sem með eljusemi sinni ólu önn fyrir fátækri landbúnaðarþjóð.

KONAN SEM TÁKN

Það var fjallamynd Íslands sem var Ásmundi ofanlega í huga við gerð Vatnsberans. Konan sem táknmynd náttúrunnar er jafnvel enn greinilegri í verkunum Móðir jörð (1936) og Tröllkonan (1948). Móðir jörð sýnir konu



sem krýpur yfir barni um leið og hún gefur því brjóst. Formgerðin er nær klassískur pýramídi eða fjall og endurspeglar táknað hlutverk náttúrunnar að næra mannkynið. Tröllkonan, sem er óhlutbundnara verk, hefur jafnframt beina skírskotun til íslenskrar náttúru, en skessan minnir mest á steinrunnið tröll með öllum sínum hellum og fjallstoppum.

MÓÐIRIN

Ásmundur var óþreypandi við að túlka tengslin milli móður og barns, en móðurástina sá hann fyrst og fremst sem verndandi afl. Í verkinu Fýkur yfir hæðir (1933), en nafnið vísar í samnefnt ljóð Jónasar Hallgrímssonar, má sjá konu faðma að sér barn um leið og mjúkar bogadregnar línur líkamans sveigjast eins og til að skýla því undan óveðri. Jafnvel enn átakanlegri er verkið Móðurást (1948), en þar bograst kona með barn í fanginu með gat á bringunni; líkt og búíð sé að skjóta af henni annað brjóstið. Verkið er bein tilvísun í heimstyrjöldina og hverníð frumeðli móðurinnar birtist andspænis hryllingi stríðsins.

Þrátt fyrir endurtekin leiðarstef þá eru kvenmyndir Ásmundar jafn ólíkar og þær eru margar, enda var myndmál hans í stöðugri endurnýjun. Ófáir íslenskir listamenn eru til að mynda jafndjarfir að blanda saman hinum ýmsu „ismum“ ásamt því að skipta um efnivið og aðferðafræði eftir því sem viðfangsefninu hæfir og Ásmundur.

Kvenmyndir Ásmundar ásamt öðrum höggmyndum hans eru til sýnis í Ásmundarsafni. Safnið, sem staðsett er í Sigtúni í Reykjavík, var áður heimili hans og vinnustofa. Eins og áður hefur komið fram, þá var „vinnan“ sem fyrirbæri honum hugleikin og því þótti honum mikilvægt að reisa og hanna bygginguna að mestu leyti sjálfur. Formgerð safnsins, ásamt fjölmörgum útilistaverkum á lóðinni í kring, skapar áhugaverða heild sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. -Helga Kjartansdóttir



HÁIR OG LÁGIR Á LINDARGÖTU

Nýjasti bluti götunnar

Það má segja að fáar götur á Íslandi eru eins fjölbreyttar í atvinnu- og mannlífi og Lindargatan í Skuggahverfi miðbæjar Reykjavíkur. Lindargatan byrjar við Arnarhól, og fyrstu húsin þegar beygt er inn þessa einstefnugötu er Hæstiréttur Íslands á hægri hönd, og Fjármálaráðuneytið á þá vinstri. Síðan er bakhlið Þjóðleikhússins, og Kassinn, leiksvið hússins handan götunnar. Við hliðina á Kassanum er síðan Umhverfisráðuneytið. Þess á milli eru í götunni lítil gömul timburhús, leikskóli, og síðan ný háhýsi með dýrustu íbúðum á landsins. Gegn háhýsunum er stærsta athvarf landsins fyrir heimilislaua karlmenn í neyslu. Við enda götunnar við Vitatorg er síðan stærðarinnar elliheimili. Nafn götunnar er fyrst getið í manntali árið 1885, og dregur hún nafnið af Móakotslind, helsta vatnsbóli Skuggahverfisins sem stóð á horni Vatnsstígs og Lindargötu. Móakotslind var lokað árið 1907 eftir að upp komst um taugaveikifaraldur sem rekinn var til lindarinnar. Skuggahverfi dregur nafn sitt af tómhúsabýlinu Skugga, sem stóð við núverandi gatnamót Skúlagötu og Klapparstígs, býlið var reist 1802 og fór í eyði 1845, en eftir byggingu Skugga risu fleiri býli í grenndinni og var þyrpingin, síðan hverfið kennt við Skugga. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Á horni Lindargötu og Klapparstígs, horft í austur



Ebenezerhús byggt 1914, gegn Umhverfisráðuneytinu



Upphaf Lindargötu, Hæstiréttur til hægri, Fjármálaráðuneytið fjer



Á horni Lindargötu og Klapparstígs, horft í vestur



Þjóðleikhúsið til vinstri, Hæstiréttur fjer



Þetta hús þarfnast viðhalds



Hátt og lágt



Leikskólinn Lindarborg



Hér endar Lindargatan við Vitatorg

HEITT VATN



Borhola við Kringlumýrarbraut, Japanska sendiráðið og Valhöll, höfuðstöðvar Sjálfstæðisflokksins í bakgrunni

Á tímum þar sem verð á jarðefnaeldsneyti ríkur upp, og þeirri mengun sem slík brennslan skilar út í andrúmsloftið er frábært að hafa hitaveitu eins og 89.6% af öllu húsnæði á Íslandi nýtur. Fyrsta alvöru hitaveitan var í Laugaskóla í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, en hún var tekin í notkun árið 1924. Fyrsta hitaveitan í Reykjavík, var í Austurbæjarskóla, en 3 km leiðsla er lögð var úr Laugardal til að hita upp skólann árið 1930. Nú eru Veitur, sem reka þrettán hitaveitur, eina á öllu höfuðborgarsvæðinu, auk fimm á Vesturlandi og sjö á Suðurlandi, og þjónar fyrirtækið hátt í 70% landsmanna, sannkallað risa fyrirtæki, á sínu sviði í heiminum. Fyrirtækið dreifir 89,9 milljón m³ af heitu vatni á ári. Lengd hitaveitulagna eru 3066 km / 1905 mi, frá 78 virkjuðum borholum. Meðalnotkun á ári á íslenskum heimilum er 4.5 tonn af heitu vatni á hvern fermetra húsnæðis. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Sólarorka, og jarðhiti í miðri Reykjavík



Við anddyri Bandaríska sendiráðsins við Engjateig er heitavatnsborhola.



Það er borhola við vestari gafl Hilton hótelsins við Suðurlandsbraut



Landlæknishúsið byggt 1836, stytta af friðrik Friðrikssyni stendur fyrir framan Bernhöftstorfuna.



Horft frá Bernhöftstorfuni, niður Bankastræti á Lækjartorg

HÚSARÖÐIN FALLEGA

Húsaröðin sem stendur í brekkunni við Lækjargötu, fyrir ofan Kvosina, er nú kölluð Bernhöftstorfán. Húsaröðin, frá Stjórnarráðinu, síðan Bernhöftstorfán og síðan bygging Menntaskólans í Reykjavík mynda elstu og heillegustu húsaröð í höfuðborginni. Það var fyrir tæplega 70 árum sem arkitektinn Helge Finsen, benti á að í brekkunni væri næstum eina ósnerta götmyndin frá fyrri tíð, og væri því vel þess virði að varðveita, en sum húsín í torfunni voru á þeim tíma í ekki góðu ásikomulagi. Árið 1972 voru Torfusamtökin stofnuð til að stuðla að uppbyggingu húsanna. Úttekt á ástandi húsanna var gerð 1977 það ár kom meðal annars upp bruni í torfunni. Árið 1979 var húsaröðin síðan friðuð og Torfusamtökin gerðu leigusamning við fjármála- og menntamálaráðherra um yfirtöku samtakanna á torfunni gegn endurreisn þeirra. Þeirri vinnu var að fullu lokið árið 1989. Elstu húsín tvö í Bernhöftstorfuni eru frá árinu 1832, síðan er eitt frá árinu 1836. Tvær byggingar í húsaröðinni eru yngri, báðar reistar árið 1905. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Hinu megin við Bankastrætið er Stjórnarráðið, skrifstofa Forsætisráðherra



Bernhöftstorfán dregur nafn sitt af Bernhöftsbakaríi sem var í Bankastræti 2 í 97 ár, eða frá árinu 1834 til 1931. Nú er í húsínu bakaríið og kaffihúsið Bakabaka,



Í Gimli, fremst á myndinni er til húsa Skrifstofa Listahátíðar í Reykjavík



2 RISAR

Í austanverðum Hljómskálagarðinum, skammt frá hvor öðrum, standa tveir risar í menningarsögu okkar íslendinga, samtímamennirnir Jónas Hallgrímsson (1807-1845) skáld og Bertel Thorvaldsen (1770-1844) myndhöggvari. Fæðingardagur Jónasar 16 nóvember, er dagur íslenskrar tungu. En Jónas var fæddur á Hrauni í Öxnadal, og dó úr blóðeitrun eftir fótbot í Kaupmannahöfn 1845. Jónas fluttist til Kaupmannahafnar 1832 til að stunda háskólanám, í bókmenntum og náttúrufræði og bjó í höfuðborginni til dauðadags. Hann var afkastamikill skáld, þýðandi, og vann margar rannsóknir um náttúrufar Íslands á sinni stuttu ævi.

Bertel Thorvaldsen var fæddur í Kaupmannahöfn, sonur Gottskálks Þorvaldssonar úr Skagafirði og Karen Degnes frá Jótlandi. Lungað úr sinni starfsæfi, eða frá 1797 til 1838 starfaði hann í Róm á Ítalíu, og var á sínum tíma eitt, ef ekki stærsta nafnið í höggmyndalist í heiminum. Þegar hann kemur heim til Kaupmannahafnar 1838, er reist safn, Thorvaldsen

Í Hallargarðinum, við Hljómskálagarðinn, steinsnar frá sjálfsmynd Bertels, má finna verkið Adonis, sem Bertel gerði árið 1808. En Reykjavíkurborg gerði afsteypu af styttni 1974, í tilefni 1100 ára byggðar á Íslandi.

safnið, undir hans verk við hlið Kristjánsborgarhallar, þinghús Danmerkur. Í garði safnsins er Bertel grafinn.

Í Hallargarðinum, við Hljómskálagarðinn, steinsnar frá sjálfsmynd Bertels, má finna verkið Adonis, sem Bertel gerði árið 1808. En Reykjavíkurborg gerði afsteypu af styttni 1974, í tilefni 1100 ára byggðar á Íslandi.

Sjálfsmynd Bertels með styttuna Voner, er fyrsta útilistaverkið sem reist var í Reykjavík, en styttnan var afhjúpuð með mikilli viðhöfn á Austurvelli árið 1875. En styttnan var gjög Kaupmannahafnar til íslensku þjóðarinnar í tilefni þúsund ára byggðar á Íslandi, árinu áður. Árið 1931 er sjálfsmynd Bertels látin víkja fyrir styttni af Jóni Sigurðssyni eftir Einar Jónsson og flutt í Hljómskálagarðinn. Styttuna gerði Bertel árið 1839, og afsteypa af styttni má sjá í Miðgarði (Central Park) í New York.

Styttnan af Jónasi er eftir Einar Jónsson og var afhjúpuð 1907 við Lækjargötu, síðan færð í Hljómskálagarðinn 1947

Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson



Sjálfsmynd Bertels með styttuna Voner, er fyrsta útilistaverkið sem reist var í Reykjavík, en styttnan var afhjúpuð með mikilli viðhöfn á Austurvelli árið 1875. En styttnan var gjög Kaupmannahafnar til íslensku þjóðarinnar í tilefni þúsund ára byggðar á Íslandi, árinu áður. Árið 1931 er sjálfsmynd Bertels látin víkja fyrir styttni af Jóni Sigurðssyni eftir Einar Jónsson og flutt í Hljómskálagarðinn. Styttuna gerði Bertel árið 1839, og afsteypa af styttni má sjá í Miðgarði (Central Park) í New York.



Styttnan af Jónasi er eftir Einar Jónsson og var afhjúpuð 1907 við Lækjargötu, síðan færð í Hljómskálagarðinn 1947




Útsýnið frá listasafninu

HNITBJÖRG 100 ÁRA

Öll þekkjum við verk Einars Jónssonar (1874-1954), þau eru hluti af borgarmynd Reykjavíkur, sögu okkar. Stytturnar af Ingólfi Arnarsyni á Arnarhóli og Jón Forseti á Austurvelli eru verk Einars Jónssonar eins stærsta listamanns þjóðarinnar. Hann var fæddur á sveitabænum Galtafelli í Hrunamannahreppi árið 1874, og stundandi nám og vann við höggmyndalist í Kaupmannahöfn og Róm frá 1886 til 1920 þegar hann kom heim. Bygðði sér vinnustofu og safn, efst á Skólavörðuholtinu, með hjálp ríkisins, og góðra manna. Safnið opnaði fyrir hundrað árum, fyrsta listasafns Íslands. Þá var holtið, þar sem Hallgrímskirkja og safn Einars Jónssonar stendur á, ekki bara hæsti punktur borgarinnar, þarna voru líka öskuhaugar Reykjavíkur. Hann nefndi hús sitt Hnitbjörg, nú safn, einstakt á heimsvísu. Hundrað ára afmælinu var auðvitað vel fagnað í dag. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Hnitbjörg í byggingu fyrir rúmlega hundrað árum



Stigin upp í íbúðina



Fundarberbergi listamannsins



Listasafn Einars Jónssonar



Listasafn Einars Jónssonar



Margt var um manninn á hundrað ára hátíðinni, enda ekki veisla á verri endanum í garðinum hjá Áslaugu og Eirný



Hannes Hafstein fyrir utan Stjórnarráðið, Harpa og Seðlabankinn í bakgrunni



Hannes Hafstein fyrir utan Stjórnarráðið



Hannes Hafstein prýðir 500 króna seðil

Hannes Hafstein varð fyrsti ráðherra Íslands, árið 1904, þegar sérstakt ráðherraembætti í ríkisstjórn Danmerkur um málefni Íslands varð til. Styttu af Hannesi ásamt Kristjáni IX stendur fyrir framan við Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg. Undir ráðherra Íslands voru þrjár skrifstofur, fyrsta annaðist dóms- og kirkjumál landsins. Önnur annaðist atvinnu- og samgöngumál, og sú þriðja annaðist fjármál landsins, og skatta til Konungsdæmisins.

Hannes sem var fæddur árið 1861 á Möðruvöllum í Hörgárdal í Eyjafirði, sonur Péturs Amtmanns Havsteen, hann átti hvorki meira né minna en 10 börn með eiginkonu sinni, Ragnheiði Stefánsdóttur. Hannes Hafsteinn þótti ágætt skáld, Sprettur er ef til vill hans frægast ljóð, sem birtist í Verðanda árið 1882, og hefst svona ;

*Ég berst á faki fráum
fram um veg.
Mót fjallabliðum háum
bleypi ég.
Og golan kyssir kinn.
Og á harða, harða spretti
hendist áfram klárinn minn.*

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson

Aðalstöðvar Landsbankans til 99 ára, heyrta nú sögunni til. Hér er sýningin Hringrás, í aðalsal bankans til loka september.



99 ÁRA SÖGU AÐ LJÚKA... OG NÝ AÐ BYRJA

Landsbankinn, stærsti banki Íslands, hefur verið til húsa á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis í 99 ár. Nú er hann að flytja á Reykjastræti við Austurhöfnina, í nýja byggingu sem mun kosta 16,5 milljarða. Húsið sem er hannað eftir samkeppni af C.F.Moller og Arkþing Nordic er 16.500 fermetrar og mun hýsa alla tæplega 700 starfsmenn aðalbankans. Afturá móti er nú til sýnis í gömlu höfuðstöðvum bankans sýningin Hringrás, sem opnaði á Menningarnótt. Sýningin er úrval verka úr listasafni Landsbankans. Á sýningunni er kannað hvernig áhrif og innblástur þróast með mismunandi miðlum og í meðförum ólíkra kynslóða listafólks. Verkin endurspeglar áherslu á ákveðnar listrænar hreyfingar, abstraktlist og geómetrísku abstraksjón, hlutbundna og hlutlæga list, grafíska list (bæði ætímyndir og teikningar) og súrrealisma. Hringrás veitir innsýn í fjölbreytileika og breidd listasafns Landsbankans, sem er eitt stærsta og merkasta listasafn í einkaeigu á Íslandi. Daría Sól Andrews er sýningarstjóri á þessari sýningu sem opnaði á Menningarnótt, og lokar í lok september, þegar síðustu starfsmenn Landsbankans færa sig um set nokkur hundruð metra í nýtt húsnæði við Austurhöfnina.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Sýningin Hringrás í Landsbankanum



Spurning hvort þessir voru á leið í Landsbankann gegnum Ráðhús Reykjavíkur?



Sýningin Hringrás í Landsbankanum



Sýningin Hringrás í Landsbankanum



Sýningin Hringrás í Landsbankanum



Sýningin Hringrás í Landsbankanum





LISTASAFNIÐ OKKAR

Listasafn Íslands er þjóðlistasafn Íslands, stofnað í Kaupmannahöfn 1884 af Birni Bjarnasyni síðar sýslumanni Dalamanna og alþingismanni. Árið 1916 er safnið gert að deild innan Þjóðminjasafns Íslands, og árið 1950 er ráðin fyrsti forstöðumaður safnsins, Selma Jónsdóttir og safninu fengin staður á efstu hæð nýrrar byggingu fyrir Þjóð- og Listasafn Íslands við Suðurgötu. Safnið flutti sig síðan í sitt eigið húsnæði árið 1988, að Fríkirkjuvegi 7, við Tjörnina. Þær sýningar sem eru nú í gangi á Listasafni Íslands eru; Muggur – Guðmundur Thorsteinsson, og þann sérstaka myndheim sem listamaðurinn bjó til. Fjársjóður Þjóðar, þar sem perlu í íslenski myndlist, lykilverk í eigu safnsins eru sýnd, í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Halló, geimur, þar sem skyggst er í undraveröld himingeimsins með hjálp listaverka Listasafns Íslands. Forstöðumaður Listasafns Íslands er Harpa Þórsdóttir, fimmti forstöðumaður safnsins, og þriðja konan sem gegnir þessu embætti.


Listasafn Íslands á miðri mynd, hægra megin við Fríkirkjuna, er í byggingu sem Guðjón Samúelsson hannaði sem íshús árið 1916. Síðan 1988 hefur Listasafn Ísland verið þarna til húsa.

Þegar ég var að taka myndina af Listasafni Íslands, sá ég þessa mynd. Færði ég sjónarhornið í norðaustur, og fékk þá þetta augnablik af Ráðhúsi Reykjavíkur og Dómkirkjunni í dagrenningu. Sami staður, sami tími, önnur mynd.



Safn Ásgríms Jónssonar (1876-1958) í Bergstaðastræti, er eitt af söfnum Listasafns Íslands. Ásgrímur sem var ekki bara brautryðjandi í íslenski myndlist, hann var fyrsti list-málari landsins sem hafði lifibrauð af list sinni. Ásgrímur fór utan til þá höfuðborgar Íslands, Kaupmannahafnar árið 1897 og kom heim tólf árum síðar, eftir að meðal annars hafa verið í Konunglega listaháskólanum í Kaupmannahöfn árin 1900 til 1903. Auk þess dvaldi hann ár á Ítalíu og drakk í sig samtímalist Evrópu; í Berlín og Weimar. Íslensk náttúra og birtan var aðal viðfangsefni Ásgríms á hans listamannsferli sem spannaði yfir sextíu ár. En áherslu og vinnsla breyttust auðvitað með tíðaranda og þroska. Hann málaði jöfnum höndum með vatnslitum og olíu. Við andlát sitt, ánafnaði Ásgrímur íslensku þjóðinni öll eftirlátin listaverk sín, ásamt húseign sinni að Bergstaðastræti 74, þar sem listamaðurinn bæði svaf og vann. Sýningin 'Gluggi í Reykjavík' er í safninu núna, sterk sýning sem stendur til áramóta.

Ljósmyndir & texti : Páll Stefánsson



Frá safni Ásgríms Jónssonar



LIST, LITIR & LIFIBRAUÐ



Kjarvalsstaðir á norðanverðu Klambratúni. Hallgrímskirkja í bakgrunni



Frisbíggjöllurinn á Klambratúni, er níu holu völlum og einn sá vinsælasti á landinu.



Á Klambratúni er blakvöllur, knattspyrnuvöllur, körfuboltavöllur og mjög gott leiksvæði fyrir börn og fullorðna, með grillastöðu



Mjög algengt er að fólk komi saman, og grilli, halda afmæli á svæðinu eins og í dag á Klambratúni


KLAMBRATÚN & KJARVALSSTAÐIR

Klambratún, er stórt útivistarsvæði í miðju Hlíðarhverfi, ekki langt frá miðbæ Reykjavíkur. Garðurinn sem er nokkurn veginn ferhyrntur og um 10 hektarar að stærð, og er þar sem bóndabærinn og túnin á Klömbrur var, en Reykjavíkurborg eignast bæinn árið 1946, og hóf tveimur árum seinna rekstur skólagarða fyrir reykvísk ungmenni. Á sjöunda áratugnum var Klambratúni breytt í útivistarsvæði, og

Kjarvalsstaðir byggðir, listasafn sem er helgað list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, auk annara sýninga. Safnið er hluti af Listasafni Reykjavíkur. Í dag er Klambratún mikið notað til útivistar, borgarþáttar viðra þarna hundana sína, leika sér í frisbíggjöf, en einn vinsælasti völlum landsins er á túninu, eða bara setjast niður á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum til að hitta mann og annan. *Ljósmyndir og texti: Páll Stefánsson*



Frá sýningunni Spor og þræðir þar sem nýleg verk eftir fjölbreyttan hóp listamanna sem sauma út eða nota nál og tvinna (þráð)



Það eru fjórtán listamenn sem taka þátt í sýningunni Spor og þræðir sem stendur til 18. september



Við gatnamót Lækjargötu og Bankastrætis í hjarta Reykjavíkur stendur Vatnsberinn eftir Ásmund Sveinsson. Þegar Reykjavíkurborg kaupir styttna árið 1948, átti styttnan að standa þar sem hún er núna. Hlutust af miklar deilur, mörgum smáborgurum höfuðstaðarins fannst styttnan forljót, og ekkert varð af því að styttnan færi upp. Árið 1967, er hún steipt í brons og komið fyrir í Littluhlíð í Öskjuhlíð, fjarri allri umferð, styttnan var einfaldlega falin. Það var ekki fyrr en fyrir tíu árum, 2011 sem styttnan er flutt á núverandi stað, að tillögu Listasafns Reykjavíkur. Þarna á gatnamótunum stóð einmitt síðasti brunnur Reykjavíkur. Höggmyndarinn Ásmundur Sveinsson (1893-1982) var einn af frumkvöðlum íslenskrar myndlistar. Í byrjun ferilsins mættu verk hans iðulega andstöðu, með tímanum hefur hann fest sig í sessi sem einn stærsti og ástsælasti listamaður þjóðarinnar. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*

Í FRÍÐI OG RÓ

Það var fyrir 183 árum, árið 1838 þegar fyrsti einstaklingurinn, Guðrún Oddsdóttir fædd 1780 var lögð til hvílu í nýjum kirkjugarði í Reykjavík, Hólavallargarði. Hún er vökukona, verndari þessa fallega kirkjugarðs í vesturborginni. Björn Th Björnsson listfræðingur kallaði garðinn „stærsta og elsta minjasafn Reykjavíkur“. Garðurinn sem var tilnefndur til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs árið 2005, er ótrúleg heimild um list- og táknafræði, ættfræði, stefnur í byggingarlist, handverk og garðyrkju þjóðar sem var að verða til. Árið 1932 var búið að úthluta nær öllum gröfum í garðinum og tekur þá Fossvogskirkjugarður við sem aðal kirkjugarður höfuðborgarinnar.







HARPAN

Harpa er eitt helsta kennileiti Reykjavíkur og er miðstöð menningar og mannlífs í hjarta miðborgarinnar. Harpa er áfangastaður ferðamanna og margverðlaunað listaverk sem milljónir manna hafa heimsótt frá opnun.

Þrátt fyrir ungan aldur er Harpa margverðlaunuð, bæði fyrir arkitektúr og sem tónlistar- og ráðstefnuhús. Harpa hlaut ein virtustu byggingarlistaverðlaun heims, Mies van der Rohe verðlaunin árið 2013. Þá var Harpa valin eitt af bestu tónleikahúsum nýs árþúsunds af hinu virta tónlistartímariti Gramophone Magazine 2010 og haustið 2016 var húsið valið besta ráðstefnuhús Evrópu. Nýlega var svo Eldborg verðlaunuð fyrir framúrskarandi hljómburð og þykir standa vel undir nafni sem tónleikasalur á heimsmeilivörð.

Harpa er heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar og Stórsveitar Reykjavíkur, sem halda reglulega tónleika í Hörpu allt árið um kring. Jazzklúbburinn Múlinn á einnig heimilisfestu í Hörpu sem og Sígildir sunnudagar sem staðið hafa fyrir vikulegum tónleikum.

Ýmsar tónlistarhátíðir eru haldnar í Hörpu og heimsfrægar hljómsveitir, einleikarar, dansflokkar og leikhúshópar hafa sótt húsið heim. Harpa veitir árlega Upptaktinn, tónsköpunarverðlaun barna, og tónelska músin Maxímús Músíkús sést iðulega trítla um húsið og býður yngstu gesti Hörpu velkomna.





HAFNARTORG & HALLVEIG + INGÓLFUR

Frá Hafnartorgi

Árni Óla (1888-1979) rithöfundur og blaðamaður, er sá sem líklegast þekkti sögu og tilurð Reykjavíkur manna best. Enda skrifaði hann ótal bækur um sögu höfuðborgarinnar auk þess að vinna sem blaðamaður á Morgunblaðinu, frá stofnun blaðsins árið 1913 og til dánardags. Eftir óteljandi grúsk, var hann viss um að fyrstu landnámsmennirnir, Hallveig Fróðadóttir og Ingólfur Arnarson hefðu byggt sin bæ Reykjavík, undir Arnarhólnum, þar sem nú er Hafnartorg. Líklega hefur engin blettur í borginni tekið jafn miklum stakkaskiptum á undanförunum

missurum, árum og svæðið neðan við Arnarhól að vestan. Icelandic Times / Land & Saga fór í vettvangsferð... á bæjarstæði Hallveigar og Ingólfs. Fjölbreytt, nútímalegt og fullt af lífi. Árni Óla missti af öllu þessu. Þegar hann lést var þetta svæði ekki spennandi. Bensínstöð, bílþlön og birgðarskemmur, fyrir höfnina. Ekkert fyrir augað. Hundrað árum fyrr hafði svæðið verið hjarta Reykjavíkur. Eins og... næstumþví núna. Borgin er nú bara svo miklu miklu stærri. Hjartað slær um alla borg. Ekki á einum stað. *Ljósmyndir & text: Páll Stefánsson*




Svæðið fyri 95 árum síðan



Frá Hafnartorgi



Frá Hafnartorgi




Í áratug hefur af miklum myndarskap hefur verið rekið menningarstofnun Hannesarholt af Ragnheiði Jónsdóttur og fjölskyldu við Grundarstíg í miðbæ Reykjavíkur. Húsið sjálft er stórmerkilegt, eitt fyrsta steinsteypta húsið í Reykjavík, byggt af Hannesi Hafstein, fyrsta íslenska ráðherranum, árið 1915. Þar lést hann sjö árum síðar. Starfsemi Hannesarholts er að hýsa uppbyggjandi viðburði, þar sem menning, listir og fræði eiga stefnumót við fólk á öllum aldri. Það hefur svo sannarlega tekist. Eins og myndlistarsýning Óskars Ólasonar, sem stóð yfir í Hannesarholti í örfáa daga nú í miðjum apríl. Óskar sem var fæddur í apríl fyrir 100 árum, og lést fyrir tíu, var tvöfaldur málarameistari, málaði byggingar á daginn, og málverk þegar tími gafst til. Óskar hélt tvær sýningar á fullorðinsárum, og þá þriðju nú, þegar hann átti aldarafmæli. Icelandic Times / Land & Saga fór auðvitað á stúfana og kíkti í Hannesarholt. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Hannes Hafstein við innganginn að veitingasölunni í Hannesarholti



HANNESARHOLT 10 ÁRA



Veggskreyting í Hannesarholti



Frá sýningu Óskars Ólasonar



Frá sýningu Óskars Ólasonar



Frá sýningu Óskars Ólasonar



Frá sýningu Óskars Ólasonar



Frá sýningu Óskars Ólasonar



Horft upp Bóklöðustíg frá Lækjargötu



Íþaka, bókhlaða MR, byggð árin 1866-1867 með gjöf frá Charles Kelsall

BÓKHLÖÐUSTÍGURINN MEÐ SÍNA SÖGU




Efri hluti Bóklöðustígs



Horft niður og vestur Bóklöðustíg



Stöðlakot er eitt elsta steinhús höfuðborgarinnar



Listaverk eftir Pál á Húsafelli (Páll Guðmundsson) við Stöðlakot

Stöðlakot við Bóklöðustíg 6 byggt af Jóni Árnasyni hinum ríka var reist árið 1872 og er líklega elsti steinbærinn í Reykjavík. Talið er að Stöðlakot hafi verið byggt fyrst um 1600, og þá ein af hjáleigum Víkur (Reykjavíkur). Nafnið bendir til að þarna hafi verið stöðull frá Vík, en stöðull er sá staður þar sem kvíær og kýr voru mjólkðar. Búskapur virðist hafa verið lítilfjörlegur

samkvæmt Jarðabókinni frá 1703. Þá eru heimilismenn í Stöðlakoti taldir fimm, en kvikfénaður einungis tvær kýr. Túnið mjög grýtt, en vel ræktað.

Bóklöðustígur dregur nafn sitt af bókhlaðu Menntaskólans í Reykjavík, byggt á árunum 1866-67, og jafnan kölluð Íþaka. En það var enskur heimsborgari, Charles Kelsall, eftir að komið hingað í heimsókn og hrist af því að jafn fátæk og fámenn þjóð,

gæti haldið uppi sjálfstæðu menningarlífi, ánafnaði hann í erfðaskrá sinni, árið 1853, 1000 pundum til að reisa bókhlaðu við Latínuskólann í Reykjavík, forvera MR. Þetta er fyrsta húsið sem eingöngu er byggt undir bókasafn á Íslandi. Stöðlakot er gegnt Íþöku, við sunnanverðan Bóklöðustíg.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson

NÍUTÍU ÁRA GÖMUL GATA

Í sunnanverðu Skólavörðuholtinu í Þingholtunum, í hjarta Reykjavíkur er lítil bogadregin gata, Fjölnisvegur. Gatan byggist upp um 1930, fyrir rúmum níutíu árum, eftir framsæknum hugmyndum Guðmundar Hannessonar sem hann setti fram í bók sinni Um skipulag bæja, sem kom út árið 1916. Það má segja að Fjölnisvegur sé öðruvísi, með einbýlishúsum með stórum lóðum við norðanverða götuna, og fjölbýlishús við gangstéttina að sunnanverðu. Guðmundur var ekki hrifin af stórum fjölbýlishúsum í bók sinni. Það væri hljóðbært milli íbúða í fjölbýli og mikill ágalli í marglyftum húsum séu þreytandi stigar, og skortur á garðblettum til að rækta rótargrænmeti. Dýrasta einbýlishús landsins er Fjölnisvegur 9, en það var selt á síðasta ári fyrir 700 milljónir til Caroline Leonie Keller þýskrar athafnakonu sem hefur búið hér undanfarin ár. Húsið í skipstjórastíl, var teiknað af Péttri Ingimundarsyni fyrir Guðmund Ásbjörnsson forseta bæjarstjórnar Reykjavíkur og kaupmann árið 1929. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*

Fjölnisvegur árið 2023



Fjölnisvegur uppúr 1930



Fjölnisvegur 9



Fjölnisvegur 5



Fjölnisvegur 9, dýrasta hús landsins



Horft í vestur eftir Fjölnisvegi



Garðvinna í götunni



Fjölnisvegur 9, dýrasta hús landsins, og Hallgrímskirkja



Fjölnisvegur 11




Fjölnisvegur 7




ÞORP Í MIÐRI BORG



Fyrstu 150 ár höfuðborgarinnar, voru götunöfnin dregin af staðháttum, samanber Hafnarstræti og Lækjargata, eða af nöfnum býla eins og Laufásvegur og Grundarstígur. Fyrir um hundrað árum, þegar Reykjavíkurborg fór að þenjast út dugði þessi aðferðafræði ekki lengur. Þá varð til sú hugmynd að heilu hverfin skyldu bera götunöfn sem tengdust, minntu hvert á annað. Þannig varð Goðahverfið til á sunnanverðu Skólavörðuholtinu. Nöfn eins og Njarðargata, Urðarstígur, Baldursgata, nöfn eftir guðum norrænnar trúar sem sagt er frá í Snorra-Eddu. Hugmyndir voru, eins og sést á Njarðargötunni var að byggja samfellda röð tveggja, þriggja eða fjögurra hæða steinhúsa eða randbyggð eins og þekktist í Köben og Berlín í Goðahverfinu. En það gekk ekki eftir, því borgarstjórn Reykjavíkur náði ekki að fá það fram að rífa öll smáhýsin á svæðinu, flest byggð af vanefnum, úr orgelkössum og tilfallandi bárujárni. Icelandic Times / Land & Saga heimsótti Goðahverfið, nafn sem aldrei hefur fest við hverfið, en húsin standa þarna enn hundrað árum síðar í miðbæ höfuðborgarinnar. Eins og lítið þorp í miðjum miðbænum. Allar myndirnir eru teknar í þessu litla hverfi milli Baldursgötu og Njarðargötu í dag. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*






MIÐBORG REYKJAVÍKUR

Í samþykkt um skiptingu Reykjavíkurborgar í hverfi frá 2002 er miðborgin afmörkuð með þessum hætti: Í suður og vestur markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur: Suðurbugt (austurendi), Geirsgötu, Norðurstíg, Vesturgötu, Garðastræti, Túngötu, Suðurgötu, Sturlugötu, Oddagötu, Eggertsgötu, Njarðargötu, beinni línu að horni Einarsness/Skeljaness, Skeljaness og þaðan í sjó. Í austur markast hverfið af línu sem er dregin um Snorrabraut, gamla Flugvallarveg og Hlíðarfót. Samkvæmt þeirri skiptingu tilheyrir Grjótaþorpið Miðborginni en ekki Skerjafjörður sem tilheyrir Vesturbænum.

Í aðalskipulagi frá 1929 voru eftirfarandi hverfi skilgreind í miðborginni: Tjarnarbrékka, Víkin, Arnarhóll, Skuggahverfi, Laufás, Spítalahlíð, Þingholt, Ásgarður og Tungan. Þessi heiti festust misvel í sessi. Enn í dag er algengt að tala um Þingholt og Skuggahverfi, en þessi heiti ná yfir stærra svæði en þau gerðu í upphafi. Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru skilgreindir þrjú hverfahlutar í miðborginni: Kvosin, Skólavörðuholt og Skuggahverfi. Stærstur hluti Miðborgarinnar er í póstnúmeri 101, utan nokkrar byggingar við Snorrabraut og hluti bygginga Háskóla Íslands sem áður voru skilgreindar sem hluti Miðborgarinnar og eru nú í póstnúmeri 102.

Ljósmynd: Land og Saga/Icelandic Times





Sænska sendiráðið við Sóleyjargötu



Norska sendiráðið við Sóleyjargötu nær, embættisbústaður sendiherrans, fjar.



Finnska sendiráðið við Túngötu



Danska sendiráðið við Hverfisgötu



Færeyska sendiráðið við Túngötu er á efstu hæðinni á Hallveigarstöðum



Grænlandska sendiráðið er hér til húsa við Túngötu

NORRÆNAR VINABJÓÐIR

Það er ekkert alþjóðlegt samstarf eins gjöfult og gott og samstarf Norðurlandanna sem er elsta samstarf í heimi af sínu tagi. Norrænt samstarf á rætur í menningu, efnahagsmálum og stjórnmálum, þar sem samnorrænar aðgerðir mynda virðisauka fyrir alla þá rúmlega 30 milljónir íbúa sem búa á Norðurlöndunum. Samstarfið miðar að því að gera sameiginlega rödd þjóðanna sterkari á alþjóðavísu. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna þar sem mannréttindi og nýsköpun eru í fararbroddi.


Stutt er síðan Norðurlöndin voru eitt þjóðríki, en þau sameinuðust með Kalmar samkomulaginu árið 1297. Það kom brestur í samkomulagið 1521, þegar Danir og Svíar urðu sjálfstæðar þjóðir. Undir hatti Svía voru Finnland og síðan Noregur, Eistland og Lettland, meðan Danir áttu Ísland, Færeyjar og Grænland.

Norðurlandaráð var stofnað 1952, en Finnar ganga ekki í ráðið fyrr en þremur árum síðar, eftir að Stalín deyr. Á þessum tíma vilja Finnar ekki rugga bátnum, með tæplega 2000 km löng landamæri við Sovétríkin sálugu.

Eins og Joe Biden forseti Bandaríkjanna sagði á blaðamannafundi eftir að hafa hitt alla Norrænu forsætisráðherrana á fundi í Helsinki þann 13. júlí; “If we left the important decisions to the Nordics, we’d all be in good shape.”

Land & Saga kíkta á öll sex sendiráð Norðurlandanna í Reykjavík í dag. Einfalt verkefni, öll í miðbænum, þrjú á Túngötu, tvö við Sóleyjargötu og eitt á Hverfisgötunni, það danska.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Pomona, eftir Johannes Berg, vígt 1954, er í hjarta Einarsgarðs



Mikið blómaskrúð er í Einarsgarði

GARÐUR EINARS



Pomona fylgist vel með framkvæmdum á nýja Landspítalanum



Strætóstoppistöðin við Einarsgarð á Gömlu-Hringbraut, við Umferðamiðstöðina



Til hægri Einarsgarður, síðan nýi Landspítalinn og gamli Kennaraskólinn til vinstri

Reykjavík er græn borg. Það eru mörg og stór græn útivistarsvæði um alla borg, stærst er Heiðmörk í útjafri austurborgarinnar. Laugardalurinn, Fossvogsdalurinn, Elliðarárdalurinn og Klambtratún eru líklega mest sóttu útivistarsvæðin, en líklega er Einarsgarður við Laufásveg, Smáragötu og Gömlu Hringbraut minnsti garðurinn. Fallegur garður, með tvö listaverk. Gróðrarstöðin er stofnuð þarna árið 1899, þegar íslenska ríkið og Búnaðarfelag Íslands settu upp gróðrarstöð við suðurenda Laufásvegar við Hringbraut. Flest tré í fyrri hluta síðustu aldar í Reykjavík komu frá gróðrarstöðinni. Forstöðumaður var garðyrkjufræðingurinn Einar Helgason. Svæðið varð almenningsgarður árið 1943 eftir að gróðrarstöðin lagði upp laupana 1931. Garðurinn er kenndur við fyrrnefndan Einar. Garðurinn er lítill, 14 dagsláttur að stærð eins og segir árið 1899. Í næsta nágrenni er Kennaraskólinn gamli, Landspítalinn, Umferðarmiðstöðin og auðvitað Hljómskálagarðurinn sem liggur nokkur hundrað metra til vesturs. Samsagt í miðjum miðbænum. Næstum því. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Stöð eftir Ragnar Kjartansson frá árinu 1963 við innganginn að Einarsgarði við Smáragötu

HUNDRAÐ OG FIMMTÍU METRAR AF SÖGU

Elsta og fyrsta gata Reykjavíkur er Aðalstræti, aðeins 150 metra löng, en full af sögu og sögulegum byggingum. Við norðanverða götuna eru elstu mannvistarleifar sem hafa fundist á Íslandi, rústir skála, hugsanlega fyrstu landnámsmannanna, Ingólfs Arnarsonar og Hallveigar Fróðadóttur frá því um 874 +/- . Rústirnar sem voru grafnar upp fyrir rúmum 20 árum, eru nú til sýnis á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis, safn á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur. Safn sem heldur áfram, þar sem saga borgarinnar er rakin í einu elsta húsi landsins í Aðalstræti 10, húsi sem var reist árið 1762 fyrir starfsemi innréttinganna, sem var fyrsti vísir að því að Reykjavík breyttist úr þorpi í bæ og síðan í borg. Má segja að þessi starfsemi innréttinganna gjörbreytti Reykjavík og gerði síðan þorpið að höfuðborg lýðveldisins. Aðal starfsemin í Reykjavík var ullarvinnsla, en það var umfangsmikil brennisteinsvinnsla í Krýsuvík og Húsavík á vegum félagsins. Innréttingarnar voru hugarsmíð Skúla Magnússonar Landfógeta, fōður Reykjavíkur, en stytta af honum stendur í Fógetagarðinum sem er auðvitað við Aðalstræti. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Morgunblaðshöllin, nú Center Hotel við Ingólfstorg, byggt 1955



Aðalstræti árið 2023



Aðalstræti árið 1900



Skúli Magnússon í Fógetagarðinum við Aðalstræti



Fjalakötturinn við Aðalstræti




Aðalstræti 2



Á Ingólfstorgi, horft inn Austurstræti



Sett svin við enda Aðalstrætis og Vesturgötu



Á Ingólfstorgi við Aðalstræti



Aðalstræti 10, byggt árið 1762, nú frábært Borgarsögusafn



Garðhúsið í Hallargarðinum



Hallargarðurinn, stytan Adonis eftir Bertel Thorvaldsen í forgrunni, Frikirkjuvegur 11 í bakgrunni



Miðbæjarskólinn, byggður 1898, Hallgrímskirkja í bakgrunni



Horft frá Ráðhúsinu yfir Tjörnina, Frikirkjan og listasafn Íslands til hægri

Það eru sex hús á Frikirkjuvegi, sem liggur austanmegin samhliða Reykjavíkurtjörn í miðbæ Reykjavíkur. Fimm af þessum húsum, öll nema Frikirkjuvegur 7 sem hýsir Listasafn Íslands, eru friðuð. Byrjað var að leggja Frikirkjuveg, suður af Lækjargötu árið 1903, en elsta húsið við götuna við gatnamót Lækjargötu er gamli Miðbæjarskólinn, nú Kvennaskólinn í Reykjavík, en húsið var reist árið 1898. Yngsta húsið við þessa 280 metra löngu götu er hús Listasafns Íslands, en upphaflega var húsið byggt sem íshús árið 1917. Við götuna eru tvö fyrrverandi íbúðarhús, Frikirkjuvegur 3, sem Sigurður Thoroddsen landsverkfræðingur byggði og hýsir nú skrifstofur fjárfestingafélagsins Fossa. Frikirkjuvegur 11 er veglegt hús við suðurenda götunnar, byggt af athafnamanninum Thor Jensen, og nú í eigu langafabarns hans, Björgólfs Thor Björgólfssonar athafnamanns. Hann keypti húsið af Reykjavíkurborg fyrir 15 árum og hefur gert það upp af myndarskap. Umhverfis húsið er Hallargarðurinn, fallegur almenningsgarður. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*

FRÍKIRKJUVEGURINN MEÐ SÍNUM FRIÐUÐU HÚSUM

*Horft norður Frikirkjuveg,
Ráðhús Reykjavíkur við enda
tjarnarinnar til vinstri*



TJARNARGATAN VIÐ TJÖRNINA



Tjarnargata árið 1928



Tjarnargata, Landakotskirkja og
Landakot efst til vinstri

Tjarnargata sem gengur frá Fógetagardinum, þar sem fyrsti landnámsmaðurinn Ingólfur Arnarson byggði sinn bæ árið 874, að Hringbraut, meðfram Tjörninni. Nú er þar verið að byggja skrifstofubýggingu Alþingis, gengt Ráðhúsinu. Tjarnargatan er ein fallegast gata Reykjavíkur, byggð stásslægum húsum, flest flutt inn frá Noregi um eða og uppúr 1900. Við götuna stendur líka Ráðherrabústaðurinn, reisulegt hús sem norskur hvalútgerðarmaðurinn Hans Elleesen byggði sér við Önundarförð árið 1892. Átta árum síðan gefur hann Hannesi Hafstein ráðherra Íslands húsið, og er því komið fyrir við Tjarnargötuna árið 1910. Húsið er nú bæði fundarstaður ríkisstjórnar Íslands, og gististaður fyrir erlenda þjóðhöfðingja.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Leikskólin Tjarnarborg, við Tjarnargötu 33, Hallgrímskirkja í bakgrunni til hægri



Tjarnargata árið 2023



Ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu

HLJÓMAR REGNBOGINN?



Við Þorfinnstjörn



Haustlegt og fallegt, glittir í Hljómskálann til hægri



Ráðbús Reykjavíkur lengst til hægri, frá Hljómskálagarðinum

Hljómskálinn sem stendur við gatnamót Fríkirkjuvegjar, Sóleyjargötu og Skothúsvegjar við austanverða Reykjavíkurtjörn er byggður fyrir akkúrat 100 árum síðan, árið 1923. Hann er fyrsta húsið á Íslandi sem er sérstaklega byggt fyrir tónlist. Hljómskálagarðurinn, nefndur eftir byggingunni sem stendur við sunnanverða Tjörnina, liggur frá Hljómskálalunum að Þorfinnstjörn, og síðan að Hringbraut.

Garðurinn er nú að ganga í gegnum miklar endurbætur enda orðinn heillar aldar gamall. Hann er frábært útivistarsvæði sem er mikið notað af höfuðborgarbúum og ferðafólki, og er bæði menningar- og náttúruperla. Í Hljómskálagarðinum verpa á annan tug fugla, þar á meðal krían, í hólma í Þorfinnstjörn. Í garðinum er fjöldi listaverka, til að gleðja gesti og gangandi. Reykjavíkurborg hóf miklar framkvæmdir síðastliðið haust til að styrkja upp það svæði syðst í garðinum sem notað er fyrir viðburði, til að mynda á menningarnótt. Verklök áttu að vera í vor. Skipt var um jarðveg og aðgengi fatlaðra og þjónustubifreiða er bætt. Framkvæmdir eru nú á lokametrunum, enda vetur konungur handan við hornið.

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



Maður og kona (1948) eftir Tove Ólafsson



Regnboginn liggur frá Hallgrímskirkju í lðnó



Hljómskálinn frá brúnni á Skothúsvegi yfir Reykjavíkurtjörn



TÍMAMÓTASÝNING

Í tilefni 160 ára afmælis Þjóðminjasafnsins eru í fyrsta skipti dýrgripir íslenskrar listasögu, öll fimmtán Refilsaumklæðin sem hafa varðveist, komin saman á einum stað á sýningunni, Með verkum handanna / Creative Hands. Elstu klæðin eru frá því rétt fyrir 1400, það yngsta nær 300 árum yngra frá árinu 1677. Nú eru varðveitt á Þjóðminjasafninu, hin eru fengin að láni frá Louvre í París, Nationalmuseet í Kaupmannahöfn og frá Rijksmuseum Twenthe í Enschede, Hollandi. Eins og segir í sýningarskrá er refilsaumur saumgerð sem dregur nafn sitt af orðinu refill. Reflar voru skrautleg tjöld úr ull eða líni sem höfð voru til þess að tjalda innan bæði kirkjur og híbýli fólks fyrir

á tíð. Refilsaumur er aðeins eitt útsaumsspor sem notuð voru á miðöldum og er afbrigði af útsaumi sem nefndur er lagður saumur. Þessi meistaraverk íslenskrar miðaldalistar voru unnin af listfengum konum sem bjuggu yfir þekkingu og þjálfun í vefnaði og útsaumi. Sýningin er árangur og niðurstöður áratugarannsóknna Elsu E. Guðjónsson (1924-2010) á refilsaumi. Elsa starfaði á Þjóðminjasafni Íslands í meira en þrjú áratugi. Í tilefni sýningarinnar kemur út 400 síðna stórglæsileg bók Með verkum handanna gefin út af Þjóðminjasafninu, eftir Elsu.

Ljósmyndir & text : Páll Stefánsson



Frá sýningunni Með verkum handanna / Creative Hands, á Þjóðminjasafninu

Klambratún er þar sem fyrrum voru erfðafestulöndin Norðurmýrablettir. Í Norðurmýrinni var töluverð mótækja, t.d. á heimsstyrjaldarárunum fyrri. Maggi Júl. Magnús læknir og bæjarfulltrúi lét byggja hér bæ árið 1925 og nefndi hann Klömbur eftir býlinu Klömbum í Vesturhópi í Vestur-Húnavatnssýslu, en þangað átti hann rætur að rekja. Fljótlega varð sú breyting að farið var að kalla bæinn Klambra eða „á Klömbrum“.

Christian Christensen, sem flutti til Íslands frá Danmörku 1931, keypti Klambra árið 1934 og hóf hér búskap ásamt konu sinni, Ólöfu Ólafsdóttur. Þjuggu þau fyrst með 10 kýr og seldu mjólk sem ekið var á hestvögnum heim til kaupenda. Síðar var Christensen með sláturhús, reykhus og kjötverslun að Klömbrum. Bæjarhús Klambra voru rifin árið 1965.

Bæjarsjóður Reykjavíkur leysti landið til sín árið 1946 og voru skólagarðar hér á árunum 1948-1958. Hugmyndir um að gera hér almenningsgarð komu fyrst fram seint á sjötta áratug tuttugustu aldar og urðu að veruleika um áratug síðar. Garðurinn er hannaður af Reyni Vilhjálmssyni landslagsarkitekt. Hugmyndir að garðinum voru sóttar til Norðurlanda og þóttu þá nútímalegar.

Klambratún er vinsæll útivistarstaður og þar hafa verið haldnir tónleikar og aðrar útisamkomur.

Kjarvalsstaðir, sýningahús Listasafns Reykjavíkur, voru opnaðir árið 1973. Húsið teiknaði Hannes Kr. Davíðsson arkitekt.

Nafninu Klambratún var breytt í Miklatún árið 1964 og svo breytt aftur í Klambratún árið 2010.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur

KLAMBRATÚN



Loftmynd yfir austurluta Reykjavíkur árið 1949. Miklabraut, Rauðarárstígur, Skógarhlíð, Eskihlíð, Flóagata, Langahlíð, Reykjahlíð og Engihlíð. Klambratún og bærinn Klambrar. Flugvél Flugfélags Íslands TF-ISB er á flugi yfir borginni.



Séð yfir Klambratún og Öskjuhlíð um 1944, vinstra megin við miðju er bærinn Klambrar, reykur liðast upp um skorsteininn á bænum. Til hægri eru fjölbylishús við Miklabraut, Miklabraut 22-28. Ofarlega t.v. sjást Þormódsstaðir og á Öskjuhlíð sjást heitavatnstankar Hitaveitu Reykjavíkur. Ljós. Eggert P. Briem



Þóróddsstaðir í Skógarhlíð í Reykjavík



Tónleikar á Klambratúni árið 1988 gegn aðskilnaðarstefnu Suður Afríku. Megas og Björk Guðmundsdóttir söngkona Sykurmolanna á sviði. Ljós. Jóhann A. Kristjánsson.



Séð yfir Klambratún og Öskjuhlíð um 1944, vinstra megin við miðju er bærinn Klambrar, reykur liðast upp um skorsteininn á bænum. Til hægri eru fjölbylishús við Miklabraut, Miklabraut 22-28. Ofarlega t.v. sjást Þormódsstaðir og á Öskjuhlíð sjást heitavatnstankar Hitaveitu Reykjavíkur. Ljós. Eggert P. Briem



ESKIHLÍÐ

Verzlunin Hagkaup í Eskihlíð 1965.
Ljós: Jóhann Vilberg Árnason



Í lok 19. aldar og upphafi þeirrar 20. var farið að ræsa fram mýrarnar í landi Reykjavíkur og úthluta úr þeim ræktunarlöndum. Þessi lönd voru leigð með erfðafesturétti, sem þýðir að leigan gekk í erfðir. Á erfðafestulöndunum risu nýbýli þar sem hafin var túnrækt og búskapur í stórum og smáum stíl. Erfðafestubýlin gegndu mikilvægu hlutverki á sínum tíma þegar framboð á mjólkurvörum var lítið í Reykjavík. Þegar ný hverfi tóku að rísa austan meginbygðarinnar í Reykjavík um og eftir seinna stríð urðu flest þessara býla að víkja en í sumum tilfellum voru íbúðarhúsin sem þeim tilheyrðu felld inn í hina nýju byggð og standa þar enn innan um yngri hús.

Eitt þessara býla var Eskihlíð og standa bæjarhús þess enn við vesturendann á samnefndri götu. Þar reisti Magnús

Benjamínsson úrsmiður (1853-1942) steinbæ árið 1892 og nefndi Eskihlíð (Eskihlíð 2-4). Nafnið Eskihlíð var á þessum tíma einnig notað um Öskjuhlíð. Bærinn stóð norðanvert við þjóðveginn sem lá út úr bænum um Öskjuhlíð og var kallaður Hafnarfjarðarvegur og seinna Reykjanesbraut (þar sem gatan Skógarhlíð er nú). Á fyrri hluta 20. aldar risu nokkur hús sunnan vegarins sem kennd voru við Eskihlíð (Eskihlíð B, C og D) en þau eru nú horfin. Árið 1911 bjó Ingimundur Guðmundsson (1876-1912) í Eskihlíð og byggði þá hlöðu við vesturgafi steinbæjarins og fjós og hesthús við norðurhlíð hans. Allmikill búskapur var lengi í Eskihlíð, einkum í tíð Geirs Gunnars Gunnlaugssonar (1902-1995) sem keypti býlið árið 1934 og kom þar upp stóru kúabúi. Geir stækkaði og

breytti steinbænum og byggði ný útihús, fjós og hlöðu, við norðurhlíð hans og hafa húsin að mestu staðið í þeirri mynd síðan. Árið 1945 var stór hluti landsins tekinn úr erfðafestu, en þá var uppbygging Hlíðahverfis að hefjast. Geir rak þó kúabú sitt í Eskihlíð fram á miðjan 6. áratug aldarinnar en byggði jafnfram upp býlið Lund við Nýbýlaveg í Kópavogi og flutti þangað árið 1961. Árið 1959 stofnaði Pálmi Jónsson kaupmaður verslunina Hagkaup í fjósinu að Eskihlíð. Frá árinu 2003 – 2013 starfaði Fjölskylduhjálpi Íslands í húsunum og frá 2004 hefur einnig verið starfrækt þar Konukot, næturathvarf fyrir heimilislausar konur.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Loftmynd frá 1954. Hér má m.a. sjá nokkur af þeim býlum sem byggð voru á þessum slóðum á fyrstu áratugum 20. aldar. Upplýsingaskilti um Háteig og Sunnuhvol má finna á horni Háteigsvegjar og Rauðarárstígs og um Reykjablíð nálægt þeim stað þar sem bærinn stóð við Stakkahlíð. Úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR).



Loftmynd yfir austurhluta Reykjavíkur, 1946. Örin bendir á Eskihlíðarþéttbýlið. Hlíðarnar að byggjast upp. Miklabraut, Rauðarárstígur, Skógarhlíð, Eskihlíð, Langahlíð, Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð, Mjóahlíð, Reykjablíð og Engihlíð. Klambratún, bærinn Klambrar og Norðurmýri. Ljós: Sigurhans E. Vignir



Um 1915. Grafá við malarnám vegna hafnargerðar í Reykjavík. Malarnámið fór fram u.þ.b. þar sem Leifsgata kom síðar, á milli Eiríksstötu og Egilsstötu. Gamli þjóðvegurinn sést vel ofarlega á myndinni. Í fjarska sést bærinn Eskihlíð vinstra megin við vegginn. Ljós: Magnús Ólafsson



Árið 1787 var stofnaður kaupstaður í Reykjavík og af því tilefni gert kort af kaupstaðarlóðinni. Kortid sýnir Tjörnina og Lækinn, húsinn við Adalstræti, býli og hjáleigur, en vegir eru merktir sem „Vey“ við ströndina og þar sem tröðin (rauð) lá yfir Arnarhól. (Kort: Rasmus Lievog)



Horft yfir Arnarhól úr vestri árið 1917. Greina má gömlu þjóleiðina um Arnarhól í túninu. (Ljósmynd: Magnús Ólafsson)

ARNARHÓLL -ARNARHÓLSTRAÐIR

Þar sem stytta af landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni stendur nú voru áður bæjarhús býlisins Arnarhóls. Talið er að býlið hafi verið reist skömmu eftir landnám á 9. öld. Elstu minjar sem komu í ljós við fornleifarannsókn á staðnum árið 1995 voru frá 12.-13. öld. Hóllin var þó ekki fullkannaður og því má búast við eldri minjum hér við frekari rannsóknir. Arnarhólsjörðin var lögð undir rekstur tukthússins sem var byggt syðst í Arnarhólstúni á árunum 1759-1764 (nú Stjórnarráðið). Við það fór bærinn í mikla niðurníðslu og var að lokum rifinn árið 1828. Á Arnarhóli má enn greina menningarlandslag sem tilheyrir Arnarhólsbýlinu, nokkur rústabrot og grasi gróna Arnarhólströðina sunnan í hólnum. Vegakerfi fyrri alda voru slóðar eða götur sem lágu á milli bæja. Allt fram á 19. öld lá aðalvegurinn eða þjóðvegurinn austur úr Reykjavík eftir fjörunni þar sem í dag er Hafnarstræti, síðan yfir ós Arnarhólslækjar („Lækjarins“) og upp Arnarhóllinn um Arnarhólstraðirnar.

Þaðan lá vegurinn í ótal hlykkjum yfir Arnarhólsholt, sem síðar var nefnt Skólavörðuholt. Vegurinn lá síðan utan í Öskjuhlíðinni en skiptist þar og lá önnur leiðin til Hafnarfjarðar en hin eftir Bústaðaholti til Bústaða og þaðan að vaðinu yfir Elliðaárnar. Arnarhólslækurinn var oft illur yfirferðar en var brúaður fyrir 1800. Leiðin um Arnarhólstraðir lagðist af upp úr

1830 og færðist þjóðvegurinn þá yfir í Bakarabrekkuna (nú Bankastræti) og Laugaveg. Þá hafði stiftamtmaður afnot af landi Arnarhóls og vildi ekki hafa umferðina í gegnum túnið hjá sér. Bústaður stiftamtmanns var þá í gamla tukthúsinu sem í dag hýsir Stjórnarráðið.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur



Stytta af landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni eftir Einar Jónsson myndhöggvara var reist á Arnarhóli af Iðnadamannafélagi Reykjavíkur árið 1924. Myndin er tekin á árunum 1925-1930, börn og fullorðnir renna sér á skiðum og sleðum, mikið fjór! (Ljósmynd: Karl Christian Nielsen)



Í dag er Arnarhóll notaður sem útivistarsvæði og samkomustaður. Hátiðaböld á Arnarhóli 17. júní árið 1948. (Ljósmynd: Sigurhans Vignir)

FRANSKI SPÍTALINN



Lindargata 51

Húsið hér á horni Lindargötu og Frakkastígs reistu Frakkar árið 1902 sem spítala fyrir franska sjómenn er stunduðu þorskveiðar á Íslandsmiðum. Það rúmaði 20 sjúklinga. Skömmu síðar reistu Frakkar tvo aðra spítala í sama skyni, á Fáskrúðfirði með 17 rúmum og í Vestmannaeyjum með 9 rúmum.

Arkitekt hússins var danskur, Bald að nafni, og timbrið í það kom einnig frá Danmörku. Húsið er einlyft, með risi og byggt á hlöðnum grunni.

Spítalanum í Reykjavík var ætlað að sinna sjómönnum sem voru á miðunum vestur af landinu. Læknar og annað hjúkrunarfólk var flest íslenskt og var tekið við íslenskum sjúklingum jafnt sem frönskum.

Um þær mundir sem spítalinn var reistur komu árlega 150-200 frönsk skip á Íslandsmið, langflest skútur, og voru hér frá febrúar til ágústloka. Á þeim voru 4000-5000 sjómenn. Þau

fengu góðan afla en urðu einnig fyrir tíðum skakkaföllum, sum strönduðu, önnur hurfu í sjó.

Frá 1825 til 1930 fórust um 400 franskar skútur hér við land og með þeim 4000 franskir sjómenn. Árið 1892 fórust til að mynda 12 skútur með 139 mönnum. Íslendingar björguðu fjölda sjómanna úr sjávarháská, oft við erfiðar aðstæður.

Veidum Frakka lauk að mestu árið 1914. Spítalinn var þó rekinn áfram til 1927, síðustu árin á vegum Reykjavíkurbæjar. Síðan hefur húsið lengst af verið notað undir skólahald, 1935-1976 fyrir Gagnfræðaskólann í Reykjavík, Ingimarsskóla, og eftir 1977 undir Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Húsið var endurgert að utan árið 1988 og fært til upphaflegs útlits.

Sendiráð Frakklands á Íslandi og Reykjavíkurborg vilja minna á hin gömlu tengsl Frakka og Reykjavíkur með þessu skilti. Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Matthías Einarsson
læknir, sjúklingar
og hjúkrunarkonur
Franska spítalans
um 1910. (Ljósmynd:
Pétur Brynjólfsson)



Franskir sjómenn um borð í skútu 1902.



Húsið á meðan það
gegnði hlutverki
gagnfræðaskóla,
sem hét Ingimarsskóli,
um 1960. (Ljósmynd:
Gunnar Rúnar
Ólafsson)



HÁTEIGUR

Skólagarðar á Klambratúni 1956. Húsið Háteigur er fyrir miðri mynd (grátt hús). Ljósmynd: Gunnar Rúnar Ólafsson

Í lok 19. aldar og upphafi þeirrar 20. var farið að ræsa fram mýrarnar í landi Reykjavíkur og úthluta úr þeim ræktunarlöndum. Þessi lönd voru leigð með erfðafesturétti, sem þýðir að leigan gekk í erfðir. Á erfðafestulöndunum risu nýbýli þar sem hafin var túnrækt og búskapur í stórum og smáum stíl. Á Norðurmýrablettum, sem úthlutað var í Norðurmýri og á svæðinu milli Rauðarárholtis og Öskjuhlíðar, risu allmörg erfðafestubýli, eitt þeirra var Háteigur.



Horft vestur frá Háteigsvegi um 1940. Fremst á myndinni er býlið Háteigur, eldri bæjarhúsin (Litli-Háteigur) vinstra megin og yngra húsið hægra megin. Fjar til vinstri er býlið Klambrar og enn fjar húsabyrping við Eskihlíðarbeinn. Ljósmynd: Helgi Sigurðsson

Bæjarhús Háteigs stóðu ofar í holtinu og á núverandi horni Háteigsvegur og Lönguhlíðar stendur enn íbúðarhús (Háteigsvegur 36) sem tilheyrði býlinu. Þetta er reisulegt steinhús í nýbarokkstíl, reist árið 1920 af hjónunum Halldóri Kr. Þorsteinssyni skipstjóra og útgerðarmanni (1877-1966) og Ragnhildi Pétursdóttur (1880-1961). Landið keyptu þau árið 1914 af Guðmundi Jafetssyni (1845-1918) en hann hafði byggt þar lítið timburhús árið 1907 sem kallaðist Háteigur. Það hús stóð þar sem nú er gatan Langahlíð og var seinna kallað Litli-Háteigur. Gata sem lögð var frá Rauðarárstíg að Háteigi og áfram upp á holtið á þessum tíma var nefnd Háteigsvegur eftir býlinu. Halldór og Ragnhildur voru þjóðþekkt fólk, en Halldór var meðal annars skipstjóri á Jóni forseta, fyrsta togaranum sem smíðaður var fyrir Íslendinga. Ragnhildur var landskunn fyrir afskipti sín af félags- og menningarmálum og að Háteigi stundaði hún kúabúskap um aldarfjórðungsskeið. Voru þar oftast um tíu gripir í fjósi og munu hafa verið með nýthæstu kúm á landinu. Árið 1945 var landið tekið úr erfðafestu vegna skipulags íbúðarbyggðar í holtinu og lagningar Lönguhlíðar. Húsið Litli-Háteigur mun þá hafa verið flutt að Skipasundi. Skólagarðar voru síðan á hluta af túnnum Háteigs og seinna urðu þau hluti af almenningsgarðinum Klambratúni.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur



Loftmynd af Reykjavík 1946. Hér má sjá býlin Háteig, Sunnuhvoll, Klambra, Reykjahlíð og Eskihlíð. Stjórnmannaskólinn á Rauðarárholti er til vinstri og Norðurmýri til hægri. Neðst til hægri er herskálaverfið Camp Vulcan og til vinstri er Camp Sheerwood við Háteigsveg. Ljósmynd: Sigurbans E. Vignir



Sjómanna dagurinn 1944, hópur fólks á Rauðarárholti í Reykjavík. Skruðganga kemur upp Háteigsveg, fyrir miðri mynd má sjá húsið Háteig. Þennan dag var hornsteinn lagður að Sjómannaskólanum í Reykjavík. Ljósmynd: Karl Christian Nielsen

BÚJARÐIR Í REYKJAVÍK

Reykjahlíð



Horft úr Öskjuhlíð norðaustur yfir Hafnarfjarðarveg 1924. Reykjablíð má sjá fyrir miðri mynd. Á myndinni mótar fyrir járnbrautarspori sem liggur frá gröfunni til hægri á myndinni. Kaldavatnsgeymirinn á Rauðarholti, við Háteigsveg, sést í fjarska. Býlið Háteigur (gamli bærinn) sést lengsti til vinstri. Ljós: Peter J. Sorå

Í lok 19. aldar og upphafi þeirrar 20. var farið að ræsa fram mýrarnar í landi Reykjavíkur og úthluta úr þeim ræktunarlöndum. Þessi lönd voru leigð með erfðafesturétti, sem þýðir að leigan gekk í erfðir. Á erfðafestulöndunum risu nýbýli þar sem hafin var túnrækt og búskapur í stórum og smáum stíl. Erfðafestubýlin gegndu mikilvægu hlutverki á sínum tíma þegar framboð á mjólkurvörum var lítið í Reykjavík. Þegar ný hverfi tóku að rísa austan meginbyggðarinnar í Reykjavík um og eftir seinna stríð urðu flest þessara býla að víkja en í sumum tilfellum voru íbúðarhúsin sem þeim tilheyrðu felld inn í hina nýju byggð og standa þar enn innan um yngri hús.

Á Norðurmýrarblettum, sem úthlutað var í Norðurmýri og á svæðinu milli Rauðarárhólts og Öskjuhlíðar, risu allmörg erfðafestubýli. Eitt þeirra var Reykjahlíð, sem stóð við austurenda Mávahlíðar þar sem gatan Stakkahlíð liggur nú. Þar reisti Gestur Guðmundsson (1889-1974) býli árið 1923 sem varð eitt af umsvifamestu sauðfjárþúunum í Reykjavík og var starfrækt allt fram á miðjan 7. áratug 20. aldar. Í Reykjahlíð reisti Gestur lítið steinsteyppt íbúðarhús með áfastri hlöðu, fjósi og geymslu og bjó þar síðan með konu sinni Guðrúnu Ragnheiði Jónsdóttur (1887-1968) og sjö börnum. Þarna var Gestur með bæði kúa- og sauðfjárþúun og flutti mjólk til bæjarbúa á hestvögnum. Í lok 5. áratugarins var hann orðinn stærsti fjárþúuninn í Reykjavík með 120 fjár. Á þeim tíma var vesturhluti Hlíðahverfis fullbyggður og austurhlutinn að rísa. Áformað var að leggja götuna Stakkahlíð þvert yfir bæjarstæði

Loftmynd af Hlíðarhverfi 1961. Hér má sjá hvernig hverfið hefur byggst upp í kring um Reykjablíðarþæinn. Ljós: Gunnar Rúnar Ólafsson.



Loftmynd frá 1954. Hér má m.a. sjá nokkur af þeim býlum sem byggð voru á þessum slóðum á fyrstu áratugum 20. aldar. Upplýsingaskilti um Háteig og Sunnuhvol má finna á horni Háteigsvegjar og Rauðarárstígs og um Eskihlíð við enda samnefndrar götu.

Reykjahlíðar, en býlið stóð þó enn um sinn og gatan var lögð að því úr báðum áttum. Sauðfjárþúun rak Gestur áfram í Reykjahlíð allt til þess að borgarráð keypti land hans og hús árið 1964. Stuttu síðar voru bæjarhúsin í Reykjahlíð látin víkja og lagning götunnar Stakkahlíðar klárað. Í vesturhluta hverfisins er gata sem hlaut nafngiftina Reykjahlíð.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur



Hlíðahverfi 1955. Fremst á myndinni má sjá hvar fjölbýlishús við Bogahlíð er í byggingu. Til vinstri sést býlið Reykjablíð, sem stóð í götustæði Stakkahlíðar. Fjer eru íbúðarhús við Mávahlíð og Barmahlíð. Ljós: Borgarskipulag



Suðrænt leiksvæði á Klambratúni við Reykjalíð

Reykjalíð í Mývatnssveit er ein landmesta jörð á Íslandi. Hún nær frá bökkum Mývatns, þar sem þéttbýliskjarninn er við vatnið og að Dettifossi í norðri, og síðan vestan með Jökulsá á Fjöllum að Ódáðahrauni alla leið að Vatnajökli. Í þessu flæmi á stærð við smáríki eru einstakar náttúruperlur. Reykjalíð í Reykjavík, undir Öskjuhlíðinni, er aftur á móti undarleg gata, tvískipt, því tveir þriðju af götunni er göngustígur á Klambratún, sem liggur austan við Kjarvalsstaði. Útivistarsvæði sem var skipulagt 1965 af Reyni Vilhjálmssyni, á túnum bóndabýlisins Klabra, þar sem áður höfðu verið skólagarðar frá 1948. Garðurinn varð stærri og gatan Reykjalíð lenti báðum megin við Miklatún, eins og það hét þá. Við Norðurenda Reykjalíðar, sem er stuttur, standa fjögur hús. Ekkert með húsnúmer við götuna, heldur við Flókagötu og Háteigsveg. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Í norðurhluta Reykjalíðar, horft í suður, Kjarvalsstaðir til hægri



Reykjalíð horft í suður að Öskjuhlíð í Reykjavík 1943. Ljósmynd: Eggert P. Briem



Reykjalíð í dag, horft í norður að Kjarnesi og Skarðsbeiði



Suðurendi Reykjalíðar, Perlan í bakgrunni



Hlaupið milli Reykjalíða, Kjarvalsstaðir til vinstri, byggðir fyrir hálfri öld



Fjölskylda Halldórs Danielssonar bæjarfógeta og frú Önnu Danielsson í garðinum um 1895 (Ljósmynd: Daniel B. Danielsson)

Fógetagarðurinn frá 1893

Þegar Schierbeck landlæknir fór af landi brott árið 1893 seldi hann Halldóri Danielssyni bæjarfógeta húsið sitt og afnot af gamla kirkjugarðinum fylgdu með í kaupunum. Anna, kona Halldórs, annaðist garðinn af mikilli alúð næstu áratugina. Frá þessum tíma er komið nafnið Bæjarfógetagarðurinn, eða Fógetagarðurinn, sem enn loðir við hann. Frú Anna Danielsson var mjög virk í félagsmálum og átti meðal annars sæti í stjórn líknarfélagsins Hringsins og skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík. Hún tók einnig virkan þátt í starfsemi Garðyrkjufélags Íslands og átti sæti í sýningarnefnd vegna garðyrkjusýningar í tilefni 50 ára afmælis

þess árið 1935. Anna lést árið 1940. Faðir Reykjavíkur Árið 1954 var komið fyrir í garðinum stytta af Skúla Magnússyni landfógeta (1711-94), sem kallaður hefur verið „faðir Reykjavíkur“. Þegar grafið var fyrir stöpli styttunnar komu í ljós leifar af suðurvegg kirkjunnar sem stóð þar áður. Skúli stofnaði ásamt fleirum ullarverksmiðjur við Aðalstræti um miðja 18. öld, svokallaðar Innréttingar, og áttu þær mikinn þátt í því að Reykjavík óx og dafnaði sem kaupstaður. Enn stendur eitt húsa Innréttinganna, Aðalstræti 10, en það er elsta húsið í miðbæ Reykjavíkur, reist 1762. Þar er nú sýning á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur. *Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur*



Schierbeck landlæknir, fjölskylda hans og vinnufólk í garðinum um 1893 (Ljósmynd: Daniel B. Danielsson)

FÓGETAGARÐURINN

Skrúðgarður frá 1883

Georg Schierbeck fæddist árið 1847 í Óðinsvéum á Fjóni og kom hingað sem landlæknir árið 1882. Schierbeck stundaði nám í garðyrkju áður en hann helgaði sig læknisfræði og hafði mikinn áhuga á henni. Eftir að hann reisti sér hús við norðurenda gamla kirkjugarðsins í Aðalstræti fór hann fram á að fá að stunda þar garðrækt. Hann fékk leyfi til þess að rækta

tré og blóm í kirkjugarðinum, sem þá var aflagður, en var gert að reisa timburvegg umhverfis garðinn og greiða 25 kr. á ári fyrir afnotin. Hann mátti þó hvorki flytja neitt burt úr garðinum né reisa þar ný mannvirki. Schierbeck gróðursetti meðal annars silfurreyninn sem enn stendur og er talinn elsta tréð í Reykjavík. Georg Schierbeck var einn af helstu hvatamönnum að stofnun Hins íslenska garðyrkjufélags árið 1885 og var fyrsti forseti þess.



AUSTURVÖLLUR

Fyrr á öldum, þegar Austurvöllur var besta tún Víkurbóndans, var hann mun stærri en nú. Völlurinn náði frá Aðalstræti austur að Lækjargötu og frá malarkambinum við Hafnarstræti að Tjörninni og var syðsti hluti hans nefndur Tjarnarvöllur.

Þegar Dómkirkjan var byggð 1788-1790 var grjótið sem nota átti til byggingarinnar geymt á Austurvelli, en það kom úr Grjótaþorpinu.

Uppúr aldamótunum 1800 var Austurvöllur svo illa farinn, vegna átroðnings og torfskurðar að það var kært. Í kjölfarið bannaði Frydensberg bæjarfógeti torfskurð þar í leyfisleysi.



Skosket sauðfé bitur gras á Austurvelli árið 1932. Innflutningur fjárstofnsins var liður í landbúnaðartilraun á vegum íslenska ríkisins. Ljós. Magnús Ólafsson

Hann lýsti vellinum svo 1806 að hann hafi áður verið til gagns og þryði en sé nú orðinn sem vanhirt mómyri. Lítið var gert fyrir þetta svæði framan af utan þess að formlegt bann við ösku- og sorplosun þar var sett árið 1806. Völlurinn var votlendur og dældóttur og kom það í veg fyrir að byggt væri á honum.

Eftir því sem byggðin þéttist fór Austurvöllur minnkandi og varð síðar tjaldstæðisveitamannaíkaupstaðarferðum á 19. öld. Ýmsir útlendingar sem heimsóttu bæinn tjölduðu líka á vellinum.

Árið 1874 færði bæjarstjórn Kaupmannahafnar Reykvíkingum höggmynd að gjöf og var það sjálfmynd eftir Bertel Thorvaldsen myndhöggvara. Bæjarstjórnin ákvað að hún myndi sóma sér best á miðjum Austurvelli. Sumarið 1875 var völlurinn girtur, sléttaður og tyrfdur og gerðir um hann gangstígar. Höggmyndin var afhjúpuð með viðhöfn 19. nóvember 1875, á afmælisdegi listamannsins, og var fyrsta stytta sem sett var upp í Reykjavík.

Árið 1930 var girðingin tekin niður og völlurinn opnaður. Árið 1931 var sjálfmynd Bertels færð í Hljómskálagarðinn en stytta af Jóni Sigurðssyni forseta kom í staðinn. Einar Jónsson myndhöggvari gerði hana og Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, gerði stöpulinn.

Á fyrstu áratugum 20. aldar var oft búið til skautasvell á vellinum að vetralagi og var þar þá líf og fjör.

Margs konar skemmtanir hafa farið fram á Austurvelli í árunna rás og Reykjavíkingar hafa iðulega safnast þar saman ýmist til hátíðahalda eða mótmælafunda. Ein fyrstu mótmæli sem þar áttu sér stað voru vegna símamálsins svonefnda árið 1905 en þá komu þúsundir manna saman við Austurvöll. Inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið var mótmælt hér 30. mars 1949. Þá kom til átaka og beitti lögreglan kylfum og táragsi gegn mannföldanum. Árlega fjölmenna Reykvíkingar á Austurvöll á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, þegar blómsveigur er lagður að stytta Jóns Sigurðssonar og á jólafestu þegar kveikt er á jólatrénu frá Óslóarbúum. Eftir efnahagshrunið haustið 2008 varð Austurvöllur vettvangur mótmælafunda. Fólk safnaðist þar saman, hlýddi á ræður og barði á potta og pönnur til þessa að láta í ljós reiði sína yfir ástandinu. Gengu þessar aðgerðir undir nafninu Búsáhaldaþytingin.

Núverandi skipulag Austurvallar er frá árinu 1962 og var mótað af Sigurði Alberti Jónssyni, þáverandi forstöðumanni Grasagarðsins í Reykjavík og lagt fyrir borgarráð af Hafliða Jónssyni garðyrkjustjóra. Árið 1999 var skipulagið einfaldað samkvæmt teikningum Þórólfs Jónssonar landslagsarkitekts.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur



Teikning Aage Nielsen-Edwin af Austurvelli og nágrenni árið 1801.



Alþjóðlegur baráttudagur verkaldsins haldinn í annað sinn í Reykjavík 1. maí 1924. Ljós. Ingimundur Sveinsson.



Reiptog á Austurvelli 1912. Ljós. Magnús Ólafsson



Hátíðarstemming á Austurvelli í tilefni að nýfengnum kosningarétti kvenna 19. júní 1915. Ljós. Magnús Ólafsson.



Hópur manna mótmælir inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið, NATO á Austurvell 30. mars 1949. Ljós. óþekktur



Ljósinn tendruð á Óslóartrénu árið 1983. Ljós. Jim Smart



Kvenfrelsisdagurinn á Austurvelli í Reykjavík 19. júní 1919. Ljós. Magnús Ólafsson.



Austurvöllur árið 1905. Stytta af Bertel Thorvaldsen, sem seinna var flutt í Hljómskálagarðinn. Ljós. Magnús Ólafsson.



HLÍÐAR

Landslag í Hlíðahverfi einkennist af tveimur höltum, Rauðarárholti í norðri og Öskjuhlíð í suðri. Milli þessara holta voru mýrar; Norðurmýri í norðvestri, þar sem Rauðarárlækur rann til sjávar, Breiðamýri í miðju, Kringlumýri til austurs, Vatnsmýri til vesturs og Leynimýri til suðausturs. Nyrsti hluti hverfisins tilheyrði býlinu Rauðará en syðri hlutinn

tilheyrði Reykjavík. Bændur í Reykjavík höfðu skógnytjar í Öskjuhlíð en í Norðurmýri var mótekja. Aðalleiðin frá Reykjavík að þvottalaugunum í Laugardal lá yfir Rauðarárlæk nyrst á svæðinu. Þar var gerð brú árið 1885 sem var jafnan nefnd Hlemmur. Íbúar í hverfinu (Hlíðahverfi og Norðurmýri) voru 12.178 talsins árið 2023. *Ljósmynd: Land og Saga/Icelandic Times*



17. júní, 1960. (Ljósmynd: Pétur Thomsen)



BERNHÖFTSTORFAN

Eldsvoði 1977. (Ljósmynd: Gunnar Elísson)



Bernhöftstorfan dregur nafn sitt af T.D. Bernhöft bakara í Bankastræti 2. Íbúðarhúsið var reist nyrst á lóðinni árið 1834 ásamt brauðgerðarhúsi, móhúsi, kornhlöðu og öðrum geymsluhúsum. Þetta var fyrsta bakarí á landinu og starfaði hér

til 1931. Bernhöft ræktaði skrautgarð og lét setja upp vatnspóst sem var mikið notaður og nefndur Bakarapóstur eða Bernhöftspóstur. Íbúðarhúsið stendur enn lítt haggað en hin húsin skemmdust í eldi árið 1977. Þau hafa verið endurgerð og útlit þeirra fært til fyrra horfs. Styttan

Vatnsberinn frá 1937 eftir Ásmund Sveinsson (1893–1982) er minnisvarði um verkakonur sem báru vatn úr brunnum í hús bæjarins. Þegar setja átti styttuna upp árið 1949 þótti hún of óhefðbundin og hlutust af miklar deilur. Árið 1967 var styttna steypit í brons og

komið fyrir í Öskjuhlíð. Það var ekki fyrr en 2011 að Vatnsberinn var loks settur þar sem honum var ætlaður staður. Fleiri verk Ásmundar má sjá í Ásmundarsafni.

„Vélvæðing heimilanna er, þegar öllu er á botninn hvolft, líklega það framfaraspör sem reynst hefur konum notadrygra en nokkur lagasetning.“ Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Næst fyrir sunnan bakarahúsin er Gimli, sem reist var 1905 sem íbúðarhús Knuds Zimsen borgarstjóra. Það var nánast reist í auglýsingaskyni því að í bygginguna voru notaðir steypir steinar frá verksmiðjunni Mjölni en Knud Zimsen var einn af eigendum hennar. Syðsta húsið, Amtmannsstígur 1, var reist 1838 sem íbúðarhús Stefáns Gunnlaugssonar bæjar- og landfógeta og var kallað Gunnlaugsenshús. Síðar bjó þar lengi Guðmundur Björnsson landlæknir og var húsið þá nefnt Landlæknishús. Húsaröðin er merkur hluti af byggingarsögu borgarinnar. Í skipulagstillögum frá 1967 var gert ráð fyrir að reisa stjórnarráðsbyggingu á



Vatnsberar á Bókhlöðustíg upp úr 1900. (Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands)

torfunni og flytja húsin sem þar stóðu í Árbæjarsafn. Um svipað leyti reis upp hreyfing húsfriðunarfólks sem stofnaði Torfusamtökin til að berjast fyrir varðveislu húsanna. Eftir langvinnar deilur um framtíð Bernhöftstorfunnar

samþykkti ríkisstjórnin 1979 að friðlýsa húsin. Útitaflíð var sett upp árið 1981 og myndhöggvarinn Jón Gunnar Árnason fenginn til að hanna taflmenn við það.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur



Bernhöftstorfa 1904–1905. (Ljósmynd: Magnús Ólafsson)




HAFIÐ GEFUR

Útsýnið frá Sjóvarklasanum



Ekta sjómaður, eftir Adalheiði S. Eysteinsdóttir tekur á móti manni við inngang Sjóvarklasans

Sjóvarklasinn, merkileg stofnun, stofnuð af Þór Sigfússyni fyrir rúmum tíu árum bauð almenningi að „sjá landsliðið í nýsköpun í sjávarútvegi“ í húskynnum klasans að Grandagarði við vestanverða Reykjavíkurbæ. Í húsinu starfa um 70 fyrirtæki og frumkvöðlar í hafrænni starfsemi. Fyrirtæki í fiskisölu, snyrtivörum unnin úr fiskafurðum, líftækni, fiskeldi, og hugbúnaði tengdum sjávarútvegi svo eitthvað sé nefnt. Enda er sjávarútvegur ein af grunnstöðum íslensk efnahags. Eins og og matvælaráðherra Svandís Svavarsdóttir mælti svo vel, við opnun sýningarinnar. „Af hverju eru ekki aðrar matvælagreinar hér með svona klasa.“ Það eru nefnilega margir erlendir aðilar að skoða Sjóvarklasan, til þess að byggja upp svipaða starfsemi hjá sér. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*




Mörg fyrirtæki voru að kynna sína starfsemi, eins og Dropi frá Bolungarvík



Svandís Svavarsdóttir heldur inngangsræðu, og eins og hún eigi tal við nýráðin framkvæmdastjóra klasans, Heiðu Kristínu Helgadóttir



Þór Sigfússon



Innandyra, margt að sjá



KLING & BANG 20 ÁRA

Í vor fagnaði listagalleríð Kling & Bang tuttugu ára afmæli. Safnið hefur verið vettvangur fyrir framsækna myndlist allan þennan tíma. Stefna safnsins er að kynna myndlist sem ögrar samhengi og inniheldur skapandi hugsun fyrir eldri jafnt sem yngri myndlistarmenn. Stundum eru sýningar unnar í samstarfi við utanaðkomandi galleri eða sýningarstjóra. Nú er í gangi samsýning fjögurra listamanna frá Los Angeles, ákveðin tæknileg atriði þess að vera. Listamanna sem eiga rætur sínar í listasögu englaborgarinnar frá 2010 til dagsins í dag. Safnið er til húsa í Marshallhúsinu, Grandagarði 20. Húsið er vert að heimsækja, því þarna eru fleiri listasöfn, fyrna góður matsölustaður ásamt einstöku útsýni yfir höfuðborgina. *Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson*



Marshallbúsið, aðsetur Kling & Bang

Á fyrri hluta 20. aldar voru fiskreitir víða um Reykjavík og á sólríkum sumardögum var borgin skínandi hvít af snjóhvítum fiski. Stórir fiskreitir voru til að mynda á Kirkjusandi og vestur í bæ, við Ánanaust og Þormódsstaði. Fiskireitir voru einnig nefnd stakkstæði og voru oftast nær manngerðir. Flestir þessir reitir eru nú komnir undir vegi og hús en á Rauðarárholti má finna ummerki um einn slíkan, sem togarafélagið Kveldúlfur, þá stærsta fyrirtæki landsins, notaði. Fiskreitirinn var mest notaður á 3. og 4. áratug 20. aldar en allt fram á 6. áratuginn. Saltfiskverkunarhús Kveldúlfs hf. stóð sunnan við vatnsgeymana á Rauðarárholti og voru einnig fiskreitir þar í víða um kring.

Fiskur, oftast þorskur, var saltaður til að hann geymdist betur. Salti var stráð á nýjan fisk og það dró til sín vatn úr fiskholdinu, leystist upp og myndaði þækil. Fiskurinn var fyrst saltaður í stæður og síðan var oftast umsaltað áður en byrjað var á vöskun og þurrkun. Þurrkunin fór fram á fiskreitum, eins og þeim sem hér má sjá, og tók fjórar til sex vikur. Fiskurinn var lagður ofan á grjót eða litlar trégrindur. Hann var þar allan daginn ef veður var gott en á kvöldin var honum hlaðið í stakk og segldúkur breiddur yfir. Eins þurfti að taka hann strax saman ef það gerði rigningu. Saltfiskvinnslan stóð vanalega frá vori til hausts og var það vinnustaður fjöldi kvenna, karla og barna. Stöðug aukning

var á framleiðslu saltfisks allt fram undir 1930. Með stórauðinni frystingu fisks á 5. áratug tuttugustu aldar dróst framleiðslan þó mjög saman. Helstu markaðir saltfisks erlendis eru Spánn og Portúgal. Suðaustan af reitnum við Rauðárholt stendur Sjómannaskólinn sem var vígður 13. október 1945 en skólann teiknuðu húsameistararnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson. Í turni skólahússins er innsiglingarviti fyrir Reykjavík. Sunnan við reitinn stendur Háteigskirkja sem var vígð 19. desember 1965 en hana teiknaði Halldór H. Jónsson arkitekt.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur

FISKREITUR



Börn við vinnu á saltfiskreitnum á Rauðarárholti sumarið 1954. Hús við Stangarholt í bakgrunni. (Ljósmynd: Helga Fietz)



Saltfiskútbreiðsla á stakkstæði Alliance hf við Mýrargötu um 1930. Í bakgrunni sést í fiskvinnsluhús Alliance hf, byggt 1925. Fjer er Grandagarður og Örfrisey. (Ljósmynd: Magnús Ólafsson)



Fiskvinnslufólk við störf á stakkstæði Th. Thorsteinsonar á Kirkjusandi um 1910. (Ljósmynd: Magnús Ólafsson)



Sjómannaskólinn í byggingu, um 1944. (Ljósmynd: Sigurbans Vignir)



VIÐ HRINGBRAUT

Hér opnaði Hagkaup ein stærsta dagvöruverslun landsins, og er í dag bluti af Högum. Hagkaup opnaði sína fyrstu verslun í fjósi við háverandi Miklatorg við Hringbraut (til vinstri) árið 1959. En í húsinu sem stendur nú sunnarvert við Hringbraut var fyrir seinna stríð eitt stærsta fjós landsins um tíma. Sem sá Reykvíkum fyrir mjólk, smjör og rjóma.



Nýja hverfið sem er að byggjast upp við Valsvöllinn, sunnan Hringbrautar

Hringbraut sést fyrst í heild sinni á uppdrætti frá 1927. Hugmyndin kemur reyndar fyrst fram skömmu eftir aldamótin 1900. Gatan átti að vera sú breiðasta, samgöngumannvirki sem væri hálfur hringvegur, bærinn fyrir innan. Hringbraut átti að greiða leið til og frá Reykjavíkurborg og út á land. Tuttugu og fimm metra breið gata, sem lá við járnbrautarstöð í Norðurmýrinni, sem tengdi síðan höfuðborgina við Suðurland og áfram. Hugmyndafræðingur Hringbrautar var Knud Zimsen (1875-1953) verkfræðingur og síðar Borgarstjóri Reykjavíkur. Hringbraut var byggð, en ekki járnbrautarstöðin. Nú tæpum hundrað árum síðar er Hringbraut enn ein helsta umferðaræð höfuðborgarinnar vestan úr bæ, af Seltjarnarnesi og úr miðbænum og áfram. Tveir af fjölmennustu vinnustöðum landsins, liggja við eða nálægt vestanverðri Hringbrautinni, Landspítalinn og Háskóli Íslands. Icelandic Times / Land & Saga fór ljósmyndaferð til að fanga stemninguna á og við Hringbraut í 101, eins og hún er núna. *Ljósmyndir og texti Páll Stefánsson*



Langferðabílar bíða morgundagsins við BSÍ Umferðamiðstöð landsins við Hringbraut



Landspítalinn, aðalbyggingin í hvarfi við byggingaframkvæmdir nýja Landspítalans



Kranar við nýja Landspítalann



MIKLABRAUT

Miklabraut er gata í Reykjavík sem nær eftir endilöngu Seljarnarnesi frá austri til vesturs. Austurendi götunnar er við gatnamót Reykjanesbraut/Sæbraut en þar skiptir Miklabraut um heiti og kallast þá Vesturlandsvegur. Vesturendinn er við gatnamót Snorrabrautar en þar skiptir Miklabraut einnig um heiti og kallast Hringbraut vestan gatnamótanna.

Miklabraut er ein stærsta umferðaræð höfuðborgarsvæðisins en hún tengir íbúðahverfin í austurhluta borgarinnar við atvinnusvæði í vestari hlutanum. Miklabraut er lengst af 6 akreina breið og í nokkurri fjarlægð frá húsum en þegar vestar dregur þrengir að henni og þar standa íbúðarhús nálægt henni. Mislæg gatnamót eru við Skeiðarvog og Reykjanesbraut/Sæbraut en önnur gatnamót eru ljósastýrð.

Ljósmyndir: Friðþjófur Helgason





FLUGKAPPINN LINDBERGH

Þann 15. ágúst 1933 lenti flugkappinn Charles Lindbergh ásamt konu sinni Ann Morrow, sjóflugvél sinni á Viðeyjarsundi. Árið áður höfðu þau hjónin lent í miklum harmleik þegar syni þeirra var rænt og fannst hann síðar látinn. Mikill mannföldi hafði safnast saman við Reykjavíkurhöfn því fólk hélt að hann myndi lenda þar. Lindbergh hjónin stigu reyndar á land í Vatnagörðum og færði mannföldinn sig þangað. Þau gistu tvær fyrstu næturnar í Viðey. Þau hjónin komu hingað til lands frá Grænlandi þar sem Lindbergh var að kanna flugleiðir fyrir bandaríska flugfélagið Pan American Airways með ferðir milli Bandaríkjanna og Norður-Evrópu í huga. Ein leiðin sem var rannsökuð, var hin svokallaða Norðurleið um Grænland, Ísland og Færeyjar, þannig að þessi rannsókn gat því skipt Ísland miklu máli. Í framhaldinu gistu þau fimm nætur á Hótel Borg. Þann 22. ágúst héldu þau svo á brott í flugvél sinni eftir að hafa skoðað sig um í Reykjavík. Heimsókn Lindbergh var því örlagavaldur í auknum áhuga á flugi á Íslandi.
Ljósmyndir & texti: Faxaflóahafnir



ÚTFLUTNINGUR HESTA

Íslenski hesturinn er eitt af sérkennum landsins og hefur verið svo allt frá fyrstu landnámsmönnum. Hrossakaup Breta hófust árið 1851, þegar leyfi fékkst til hestakaupa. Salan jókst síðan stöðugt og náði svo hámarki þegar 5.700 hestar voru seldir héðan á einu ári og var þetta auka búbót fyrir íslenska bændur. Á árunum 1851-1900 voru 65 þúsund hestar seldir héðan. Hestunum var skipað um borð í Reykjavík og oft mikill atgangur meðan á því stóð. Aðbúnaður hesta í skipunum sem fluttu þá var mjög águr og dráput margir á leiðinni en yfirleitt voru 50-70 hestar í hverri ferð. Flestir þeirra hesta

sem seldir voru til Bretlands enduðu í kolanámum þar sem þeim var þrælað út við hina verstu aðstæður. Salan þangað minnkaði svo í kjölfar vélvæðingar. Eftir aldamótin 1900 var farið að selja hross til bænda í Evrópu, þá mest til Danmerkur og svo líka Þýskalands og Bretlands og voru hrossin notuð til dráttar- og reiðar. Á fjórða áratug síðustu aldar var síðan ákveðið að leggja áherslu á að gæði hesta sem seldir voru héðan og í dag eru aðallega úrvalshestar seldir til útlanda.

Ljósmyndir & texti: Faxaflóahafnir





FYRSTA SÉRSMÍÐAÐA FRYSTISKIPIÐ

Brúarfoss sem Eimskipafélagið lét smíða 1927, var fyrsta íslenska sérsmíðaða frystiskipið og var því mögulegt að flytja landbúnaðarvörur kældar og frystar til útlanda. Það sigldi óslitið milli Íslands og útlanda til 1957 þegar það var selt. Á stríðsárunum bjargaði áhöfn skipins 78 breskum sjómönnum. Mikið fjölmenni var ávallt við Reykjavíkurhöfn þegar skipið kom að bryggju.

Texti og myndir: Borgarsögusafn Reykjavíkur



POURQUOI-PAS

Franski landkönnuðurinn, leiðangursstjórinn og lækurinn Jean-Baptiste Charcot var einn þeirra merkismanna sem fyrstir könnuðu og kortlögðu haf- og landsvæðin umhverfis heimskautin í byrjun síðustu aldar. Hann gerði margvíslegar vísindarannsóknir sem þykja stórmerkar enn þann dag í dag. Hann lét smíða sérútbúið rannsóknarskip með þremur rannsóknastofum og bókasafni, Skipsskrokkurinn var allur styrktur með stál- og sinkpynnum. Þetta skip var Pourquoi-Pas, fullkomnasta rannsóknarskip heims á sínum tíma. Það var smíðað 1908 og á því sigldi Charcot sínar mikilvægustu vísindafærðir til heimskautasvæðanna.

Í byrjun septembermánaðar 1936 kom skipið til Reykjavíkur til viðgerða úr rannsóknarleiðangri á Austur-Grænlandi, en sprunga hafði komið í ketil skipins. Það var í Reykjavík í nokkra daga en

þann 15. september hélt þetta fallega þrímastra seglskip af stað til Kaupmannahafnar. Veðurspáin var mjög hagstæð og klukkan 13:00 lagði Pourquoi-Pas upp frá Reykjavík. Það var alskýjað, en nánast logn og ládaður sjór. Klukkan 16:00 byrjaði að rigna og um 17:30 fór að hvesa og það bætti í vindinn með hverri klukkustund sem svo breyttist sannkallaðan storm. Skipið hraktist stjórnlaust undan óveðrinu. Skömmu eftir klukkan fimm um nóttina steytti það illa á skeri, ógnarrestur kvað við, síðan lenti það á öðru skeri, Hnokka undan Mýrum. Allir um borð í skipinu 40 fórust, en einn komst lífs af en hann hann fannst lifandi í fjörunni.

Ljósmyndir & texti: Faxaflóahafnir

REYKJAVÍKURHÖFN VAGGA FLUGS Á ÍSLAND

Reykjavíkurbíurhöfn var vagma flugs á Íslandi. Fyrstu flugvélnar sem komu fljúgandi yfir hafið til Íslands árið 1924 voru í svokölluðu hnattflugi. Þær lentu í höfninni og voru dregnar upp Steinbryggjuna og lagt upp á planið (Ellingsensplanið) þar fyrir ofan. Flugfélag Íslands, annað í röðinni var stofnað 1928 og gerði út sjóflugvélar (Súlan, Veidibjallan og Álfín) frá Reykjavíkurbíurhöfn og var þá Steinbryggjan og Zimsensbryggjan ásamt húsinu Hafnarstræti 15 eins konar flugstöð Íslands. Dráttarbraut fyrir flugvélar var gerð innan hafnar við Örfirisey. Ýmsir erlendir flugkappar sem lögðu leið sína til Íslands á kreppearunum lentu einnig í Reykjavíkurbíurhöfn.

Ljósmyndir & texti: Faxaflóahafnir



GERÐ REYKJAVÍKURHAFNAR



Balleimann, Heræar 1914

Gerð Reykjavíkurhafnar á árunum 1913-1917 var dýrasta framkvæmd sem Íslendingar höfðu ráðist í fram að þeim tíma. Danskur verktafi, N. C. Monberg, tók að sér verkið. Stórvirk vinnutæki, sem aldrei höfðu sést áður á Íslandi, voru tekin í notkun. Þar má nefna járnbraut en allt grjót og mól sem þurfti við hafnargerðinni var flutt á vögnum sem eimvagnar drógu. Gríðarlegur gufuknúinn fallhamar á fleka var notaður til að reka niður staura, fyrstu loftborarnir á Íslandi voru notaðir við grjótsprengingar og gufuknúnar vélskóflur og lyftingakranar við malar- og grjótnámið. Einnig var flutt inn gufuknúið dýpkunarskip til að dýpka höfnina. Þetta var sannkölluð tæknibylting á upphafsárum íslenskrar iðnvæðingar.

Ljósmyndir & texti: Faxaflóahafnir

FÁNAMÁLIÐ



Fánamálið var lítil þúfa sem velti þungu hlasi, en Ísland varð fullvalda ríki fimm árum síðar.

Hvítbláinn var fáni Íslendinga áður en Íslenski fáninn var tekinn upp. Einar Benediktsson átti hugmyndina 1897 um að hann yrði þjóðfáni Íslendinga. Íslendingar voru hrifnir af hugmyndinni og varð hvítbláinn svokallaði að óformlegum fána landsins á næstu árum. Þeirri stöðu hélt hann til 12. júní 1913 er Einar Pétursson ákvað að róa um Reykjavíkurhöfn með fánann í skut bátsins. Því vildi skipstjóri danska varðskipsins Islands Falk ekki una enda taldi hann að Einar réri undir fána sem skip og bátar í hinu danska konungsveldi mættu ekki nota og gerði því fánann upptækan. Sú aðgerð hleypti illu blóði í bæjarbúa og drógu margir þeirra hvítan og bláan fána að húni. Sama kvöld söfnuðust bæjarbúar saman á útifundi við gamla Barnaskólann við Fríkirkjuveg á milli

fjögur til fimm þúsund manns, eða um þriðjungur Reykvíkinga og sungin voru ættjarðarlög. Þar með var fánamálið orðið að hitamáli hjá landsmönnum og umræða fór fram á Alþingi nokkuð sem leiddi til þess að konungur gaf út tilskipun 22. nóvember 1913 um að Íslendingar skyldu fá sérfána. Þrátt fyrir vinsældir hvítbláa fánans þá varð hann ekki fyrir valinu því Kristjáni 10. Danakonungi þótti hann of líkur gríska konungsfánanum og samþykkti þess í stað fána sem Matthías Þórðarson þjóðminjavörður hafi stungið uppá árið 1906 en sá var heiðblár með hvítum krossi og rauðum krossi inni í þeim hvíta. Það má segja að þessi örlagaríki róður Einars um Reykjavíkurhöfn með fánann hafi haft bein áhrif á það að Íslendingar fengu sérfána 5 mánuðum seinna með konunglegri tilskipun.

Ljósmyndir & texti: Faxaflóahafnir



Einar á bát þeim, er „Islands Falk“ tók herfangi.



BRETAR HERNEMA ÍSLAND 1940

Bretar hernámu Ísland 10. maí árið 1940. Fjögur herskip lögðust að bryggju í Reykjavík snemma morguns og innan skamms var bærinn fullur af hermönnum. Margir bæjarbúar höfðu vaknað um nóttina vegna flugvéladyns en menn áttu því ekki að venjast á þessum tíma. Hernám Breta var til að koma í veg fyrir að Ísland félli undir þýsk yfirráð en Þjóðverjar höfðu sýnt landinu töluverðan áhuga.



HERNÁMIÐ

Hinn 10. maí 1940 hernam breskt herlið Ísland. Höfnin í Reykjavík var forsenda þess að það gæti tekist með skjóttum hætti. Hvergi annars staðar á landinu voru hafnaraðstæður þannig að hægt væri að setja mikinn fjölda hermanna ásamt hvers konar stríðstólum, birgðum og byggingarefnum beint á hafnarbakka. Frá Reykjavíkurhöfn var hægt að senda herflokka og birgðir á aðra staði í nálægum héröðum sem taldir voru hernaðarlega mikilvægir. Meginhluti hernámliðsins nálægt 18 þúsund breskir hermenn þegar flestir voru, átti eftir að hafa aðsetur í Reykjavík og nágrenni á stríðsárunum. Viðbúnaður þess miðaðist við að verja Reykjavík fyrir þýsku innrásarliði. Skipakomur í Reykjavíkurhöfn þrefölduðust og þrengslin urðu gífurleg í höfninni.

Ljósmyndir & texti: Faxaflóahafnir

1941 CHURCHILL Í REYKJAVÍK

Churchill átti fund með Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseta 9. til 12. ágúst 1941 á herskipum á Atlantshafi. Afrestur þessa fundar var hinn svokallaði Atlantshafssáttmáli. Eftir fundinn, eða þann 16. ágúst, kom Churchill í stutta heimsókn til Íslands.

Á myndinni er skip hans að leggja upp frá Reykjavíkurhöfn og Churchill kveður með hinu táknræna V-sigur fingurtákninu.



FALLEGIR FÁKAR




Híð árlega Reykjavíkurmestaramót, hestamannafélagsins Fáks fer nú fram í Víðidalnum í Reykjavík dagana 12. til 18. júní. Hestaíþróttamótið er eitt það sterkasta á landinu, svokallað World Ranking mót, sem þýðir að árangur keppenda telur inn á heimslístan og gefur keppinsrétt á Heimsmeistaramótið í Hollandi nú í ágúst. Icelandic Times / Land & Saga tók púlsinn á fyrsta keppnisdegi. En hestamennska er ein stærsta íþrótt eða afþreying Íslendinga, enda er íslenski hesturinn einstakur á heimsvísu. Fullkomin faraskjóti til að ferðast um landið, í takti við veður og vind.

Það er ótrúlegt að í miðri höfuðborginni, í Víðidal við Elliðaánnar er stórt hesthúsasvæði, og keppnisvellir fyrir hestaíþróttir. Afmarkað svæði þar sem höfuðborgarbúar geta notið náttúrunnar til útreiða með þarfasta þjóninum. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands eru 51.865 hross í landinu, helmingi fleiri en mjólkurkúr sem eru 25.719.

Myndirnir tala sínu máli....

Ljósmyndir & texti: Páll Stefánsson



MIÐBORGIN STÆKKAR



Höfðatorg í Reykjavík er stærsta þróunarverkefni Eyktar til þessa. Um 85.000 m² í sex byggingum mynda glæsilega umgjörð um fjölbreytta starfsemi á besta stað í bænum. Uppbygging á reitnum hefur staðið allt frá fyrstu árum aldarinnar og fyrsta byggingin, Borgartún 8-16 var tekin í notkun árið 2007. Í kjölfarið hefur risið glæsileg byggð umhverfis torgið: hæsta skrifstofubygging Reykjavíkur, stærsta hótél landsins og ein athyglisverðasta íbúðabygging borgarinnar. Undir öllu svæðinu er bílageymsla fyrir yfir 1.300 bíla. *Ljósmynd: Land og Saga/ Icelandic Times*



Hluti Hallgerðargötu er fullkláraður



NÝTT HVERFI

Fyrir sjö árum, árið 2016, samþykkti Borgarráð Reykjavíkur nýtt deiliskipulag fyrir Kirkjusand á Laugarnesi. Nýtt hverfi með 300 íbúðum og fjölbreyttri þjónustu og atvinnustarfsemi. Af þessum 300 íbúðum verður helmingnum ráðstafað af Reykjavíkurborg. Þetta nýja hverfi sem nú er að rísa er á besta stað í borginni, stutt frá miðbænum, og stutt í fjöruna hinum megin við Sæbraut. Þrátt fyrir að hverfið sé bara hálfbyggt, það á enn eftir að rífa gamla frystihúsið sem síðan hófuðstöðvar Glitnis / Íslandsbanka, þá er strax komin atvinnustarfsemi í hverfið. Búið að opna leikskóla, apótek, víetnamskan veitingastað, tískuvörverslun og fótaaðgerðarstofu. Heildarkostnaður við að byggja þetta hverfi, á fyrrum lóð Strætó, og Íslandsbanka er ekki undir 30 milljörðum.

Kirkjusandur kemur fyrst fram í Oddgeismáldaga frá 1379, þar kemur fram að Jónskirkja í Vík (Reykjavík) eigi allan reka við Kirkjusand, sandströndina frá Fúlalæk (Þar sem Krínglumýrarbraut mætir Sæbraut, en lækurinn var settur í stökk rétt fyrir 1960) að Laugarnesi, þar sem safn Sigurjóns Ólafssonar er. Kirkjusandur var í byrjun síðustu aldar, miðstöð fiskverkunnar í Reykjavík, eftir að Þorsteinn Þorsteinsson kom þar upp fiskverkunarstöð árið 1899. Ári síðar setti Jes Zimsen þar upp fiskverkun, síðan komu margir fleiri með fiskverkunarhús á Kirkjusandi. Árið 1946, flutti Strætó á Kirkjusand og var þar með sína aðstöðu í meira en hálfa öld. Akkúrat á þeim stað þar sem nú nýtt hverfi er að taka á sig mynd í höfuðborginni.



Saltfiskverkun Þorsteins Þorsteinssonar á Kirkjusandi árið 1900



Framkvæmdir við Hallgerðargötu á fullu



Hér verður þjónusta... og er komin þjónusta í nokkur bil



Höfuðstöðvar Íslandsbanka bíða niðurrifs



Margir stilar einkenna hverfið



Nýtt og gamalt, fötlud staði við fyrrum höfuðstöðvar Íslandsbanka



Hér er verið að byggja byggingu á horni Hallgerðargötu og Borgartúns, þar sem áður var athafnasvæði Strætó



Bústaðakirkja. Ljósmynd: Friðþjófur Helgason

REYKJAVÍK

BY EINAR TH. THORSTEINSSON

Höfuðborgin Reykjavík er samofin sögu íslenskrar þjóðar. Árið 874 námu Ingólfur Arnarson og Hallveig Fróðadóttir land við sundin blá undir Arnarhóli í skjóli Esjunnar. Aldamótin 1900 voru íbúar sex þúsund, nú halla þeir sér að 150 þúsund. Reykjavík, þar sem „svo mikill er ljóssins undrakraftur, að jafnvel gamlir símastaurar syngja í sólskininu og verða grænir aftur“ orti Tómas Guðmundsson. Bókin fangar sögu Reykjavíkur í máli og myndum, 176 síður. Einstakar myndir af árdögum Kvosarinnar og metnaði kynslóðanna. Reykjavík þandist út upp í Þingholtin, Vesturbæinn, Skuggahverfið, Hlíðarnar, Laugarnesið, Vogana, Smáibúðahverfi, Bústaðahverfi, Breiðholt, Fossvog, Árbæ, Grafarvog, Grafarholt og Úlfarsárdal. Reykjavíkurhöfn drifkraftur framfara. Heimsstyrjöld kom, Reykjavíkurflugvöllur lagður, Skerjafjörður umhverfis, bújarðir hurfu. Það segir af Elliðaárvirkjun, hitaveitu í Austurbæjarskóla og hitaveitustokki. Það segir af kirkjum, söfnum, listaverkum og listamönnum. Ljósmyndararnir góðkunu Páll Stefánsson og Friðþjófur Helgason mynda Reykjavík samtíma okkar, segja sögur af götum og hverfum. Reykjavík aldarspegill fróðleiks. „Tíminn er eins og vatnið, og vatnið er kalt og djúpt, eins og vitund mín sjálfs“ orti Steinn Steinarr.



LAND & SAGA

